

I.

Lagafrumvarp,

um nokkrar breytingar á opnu bréfi 4. maí 1778,
um reka á Íslandi.

§ 1.

Alt vogrek, — þar með talin brot af skipum og bátum — sem ekki er meira vert, enn 15 rbd., og einstök trè, höggvin eða söguð, hvort sem þau eru meira eða minna verð, skulu hëðan í frá eigendur rekanna eignast, nema eigandi þess rekna komi á réttum tíma og sanni það vera sína eign.

§ 2.

En ef svo mikið rekur af hlutum þeim, sem um er rædt í fyrstu grein, á eina rekafjöru og í eitt skipti eða á stuttum tíma, að auðsætt er þar af, að þeir muni vera af skipi, sem strandað hefir eða sokkið við ströndur landsins, þá skal fara með þá, sem strandað fè, eptir því sem fyrir er mælt í opnu bréfi 4. maí 1778, § 1.

§ 3.

Ef sú skyldi raun á verða, þegar fram líða stundir, að dómsmálasjóðurinn geti ekki komizt af án ágóða þess, sem hann hefir hingað til haft af vogreki, skulu jafnaðarsjóðir amtanna bæta honum missirinn eptir miðlungstali.

Ástæður,

til lagafrumvarps um nokkrar breytingar á opnu bréfi
4. maí 1778, um reka á Íslandi.

Eptir fyrirmælum Jónsbókar í 2. og 12. kap. í rekabálki átti landeigandi öll þau vogrek, sem einginn eigandi leiddi

sig að og sannaði að hann ætti. Þegar nú sérhver landeigandi átti eftir þessari ákvörðun ekki einungis vogrekastúfa, sem voru lítils virði, heldur og einnig rekin skip og góz, þegar einginn eigandi gaf sig fram og gjörði tilkall til þess, sem rekið var, og ekki var heldur nein reglubundin tilsjón af hendi landstjórnarinnar um það, hverja meðferð einstakir menn höfðu á þessum miklu rekaréttindum, þá var eðlilegt, að slíkt fyrirkomulag hafi ekki getað verið tryggjandi fyrir þá, sem áttu hin reknu skip og góz, heldur hafi af því hlotið að leiða rángindi á marga vegu.

Til að ráða bætur á þessu kom út tilskipun 20. maí 1595, sem skipaði svo fyrir, að vogrek þau, sem menn væri ekki með, og einginn eigandi leiddi sig að innan árs og dags, skyldi falla undir konúng og krúnuna. Þó svo sé að sjá, sem tilskipan þessi snerti einungis rekin skip og góz, er hún tilgreinir þetta eitt herlega (svo sem og er viðurkennt í álitsskjali rentukammersins til konúngs, 2. maí 1778, því er opið bréf 4. maí s. a. er byggt á), þá hafa þó hinir konúnglegu embættismenn, höfuðsmaður og fógæti, fylgt tilskipun þessari fram, á þá leið að þeir heimtu handa krúnunni, eða réttara að segja handa sjálfum sér, alt sjórekið góz, hversu lítið sýnilegt merki sem á þeim var, að þau hefðu í mannaeigu komið.

Þessi aðferð olli kvörtunum frá hinni andlegu stétt, og af þeim leiddi, að gefin var út tilskipun 3. maí 1650, sem lagði til dómkirknanna og annara kirkna öll þau vogrek af eik, greni eða furu, sem bæri að landi eða ræki upp á lönd þeirra, svo framarlega sem einginn eigandi leiddi sig þar að í tíma.

Tekjur þær, sem komu af rekaréttindum konúngs, voru síðan feingnar sýslumönnum til umsjónar um nokkurt tímabil, og áttu þeir að standa konúngssjóðinum skil á þeim (sbr rentukammers skipun 28. apríl 1731); en þar eð umsjón þessi þókta vera ýmsum vandkvæðum undirorpin, kom út sá konúnglegur úrskurður 26. marz 1736, að fá skyldi sýslumönnum í hendur til umboðs meðal annars allar tekjur af (járnuðum) rekaldsfiskum og vogrekum (að fráteknum skipum og gózi), sem ræki upp á bændajörðum; en þeir skyldi gjalda eftir það árlega ákveðið gjald til konúngssjóðsins.

Þó ekki væri reyndar ætlazt til, að breyta með úrskurði þessum neinu í hinum fyrri ákvörðunum um rekaréttinn, heldur einungis að fá sýslumönnum í hendur, fyrir ákveðið

eptirgjald árlega, þann hluta af vogreka-réttinum á bændajörðum, sem samsvaraði því, er tilskipun 3. maí 1650 eptirlét kirkjunum og hinni andlegu stétt á jörðum kirkna og presta: þá lögðu þó sumir sýslumenn úrskurðinn út á þá leið, eins og hann veitti þeim heimild til að taka undir sig fyrst alla nagla og járn, sem fannst í vogrekastúfum þeim, er ráku á kirknajörðum, þar næst vogrek úr eik, greni og furu, sem rak á fjörum þeirra jarða, sem konungi voru eignaðar, og í þriðja lagi allan þann við, sem rak á jörðum bænda, þegar á viði þessum mátti sjá „stöku skorur eða axarför“, eða „nokkur merki þess, að það hafi verið í manna höndum“ (sbr hið áður nefnda álitsskjal rentukammersins og op. br. 4. maí 1778, 4. gr).

Til þess að koma í veg fyrir þrætur þær og málaferli, sem spruttu af þessari ásælni sýslumanna, kom út opið bréf 4. maí 1778, og var þar ákveðið um vogreka réttinn eða reka-réttinn á Íslandi á þessa leið:

1) að öll rekin skip og góz, hvort sem væri heil skip eða brotin, skipsbátar, akkeri, kaðlar, masturtré eða annar skipreiði og áhöld, heilar tunnur og alt annað góz eða varningur, sem kynni að hafa verið á slíkum skipum, skuli alt vera konungi einum tileinkað, svo sem ólögð konungs fê, hvort sem það rekur á jörðum alþjóðlegra stiptana, kirkna eður klerka, eða á hverri jörð sem er, þegar eigendur fylgja ekki gózinu, eða gefa sig ekki fram með gild skilríki í höndum á lögboðnum fresti (§ 1).

2) að öll vogrek af eik, greni eða furu, sem reka á fjörum biskupsstólanna, kirknanna, spítalanna og þeirra jarða, sem veittar eru hinni andlegu stétt til uppheldis, og ekki geta heitið rekið skip og góz, svo sem er höggvið eða telgt timbur, pláskar, borð, og einstök smástykki af reknun skipum og bátum, sem nema litlu verði, sömuleiðis einnig naglar, stórir og smáir, sem eru fastir í því, sem rekur, skuli vera eign þessara alþjóðlegra stiptana og prestanna, þegar eigandi leiðir sig ekki að þeim á lögboðnum fresti (§ 2).

3) að þegar áður talin vogrek ber upp á konungsjörðum, hvort heldur eru klaustrajarðir eða umboðsjarðir, þær er seldar eru til afgjalds, skuli þau vera eign umboðsmanna og klausturhaldara, sem hafa jarðir þessar að lèni (sama st.).

4) en vogrek þau aptur á móti, sem nefnd eru í 2. gr. og reka á bændajörðum, skuli koma undir sýslumenn, í því skyni,

sem þeim er feingið sakafall og aðrar tekjur fyrir ákveðið eptirgjald með konúnglegum úrskurði 26. marz 1736 (§ 3).

5) ójárnadir hvalir, sem á land reka, eru eigi taldir með vogrekum, ekki heldur óhöggvinn og ótelgður rekaviður, þó á honum kunni að finnast einstöku axarfar eða skorur í endum eða utan á, þetta alt skal landi fylgja (§ 4).

Það er þó athuganda, að þetta hið síðasta atriði er ekki fullkomlega skýrt né glögt ákveðið, því eptir ákvörðun Jónsbókar, sem aldrei hefir verið vikið frá í þessari grein, þá á landeigandi ekki rekavið þann né rekahval, sem hér er talið í greininni, nema þar sem rekarétturinn er ekki seldur eða skilinn frá jörðinni, en þar sem hann er annaðhvort seldur eða fráskilinn (sem er ekki óviða), þar á sá alt þetta, sem rekann á.

Á þessum ákvörðunum, sem áður eru taldar og standa í opnu bréfi 4. maí 1778, eru orðnar þær breytingar með tímaléingdinni, sumar með venju og sumar eptir ýmsum ráðstöfunum, sem nú skal segja:

a) Eptir að Hólastóll var lagður niður og gózin seld, þau er þar lágu undir, þá bar réttinn til vogreka þeirra (að fráteknum skipum og gózi), sem komu á reka allra hinna fornu stólsjarða, undir sýslumennina; eru því góz þessi, nú sem stendur, komin í sömu röð, að því er vogrek snertir, eins og bændaeygnir voru áður, samkvæmt opnu br. 4. maí 1778 § 3, en Hólakirkja heldur aptur á móti enn sínum fornu rekaréttindum á reku einstöku jarða, þar sem hún átti ekki jörðina sjálfa, heldur hafði að eins feingið eignar heimild fyrir rekanum, annaðhvort öllum eða að nokkrum hluta, því þess konar rekar voru ekki seldir undan kirkjunni, þegar biskupsstóllarnir voru lagðir niður og gózin seld.

b) Það hefir aptur á móti við gengizt, þegar vogrek þau, sem nefnd eru í 2. grein í opnu br. 4 maí 1778, hafa rekið á fjörur hinna fornu Skálholtsstóls jarða, að láta eigendur jarðanna halda þeim, og eru þessir eigendur, nú sem stendur, þeir einu jarðeigendur á Íslandi, sem halda þessum hluta rekaréttarins. En þótt mörgum af hinum merkustu lögfræðingum hafi ávalt virzt nokkuð vafasöm sú lagaheimild til rekaréttarins, sem eigendur hinna fornu stólsjarða frá Skálholti hafa notið, þá hefir hún þó verið viðurkend í tveimur bréfum rentukammersins, 9. maí 1812 og 24. febr. 1816, og fyrir þá sök einnig

haldizt við lýði í verkinu. Um rekaréttindi Skálholts kirkju á þeim fjörum, þar sem hún átti ekki jarðirnar, er sama að segja, og áður er greint um kirkjuna á Hólum.

c) Vogrek þau, sem ber upp á fjörur hinna svo nefndu konungsjarða, eða klausturgózanna og hinna svo nefndu umboðsjarða, og áður féllu undir klausturhaldara og umboðsmenn eptir opnu bréfi 4. maí 1778, að því leyti sem þeir höfðu jarðir þessar að lèni, þau eru nú seld til umboðs fyrir konungs hönd, síðan hætt var að byggja þau fyrir ákveðið eptirgjald árlega, og er nú goldinn ágóðinn af þeim í jarðabókarsjóðinn.

d) á fornum bændaeygnum og á Hólastóls jörðum, sem seldar eru, hafa vogrekin fallið undir sýslumenn, eins og áður, þar eð þau voru einn hluti af tekjum þeim, sem sýslumönnum voru leigðar fyrir árlegt eptirgjald með konunglegum úrskurði 26. marz 1736; þessu fór fram til þess 1808, að hætt var að leigja þannig, og tekjur þær, sem leigðar höfðu verið, voru lagðar til sakafallssjóðanna, er stofnaðir voru með konungsbréfi 25. júlí 1808. Þessir sjóðir feingu ágóðann af öllum vogrekum á bændaeygnum, þángað til 1840, að bæði leifar sakafallssjóðanna og tekjur þeirra voru lagðar til hins íslenska dómsmála-sjóðar með konunglegum úrskurði 29. apríl 1840.

Rekarétt á kirknajörðum, og því gózi öllu, sem lagt er andlegu stéttinni, hagnýta staðaprestar og kirkna - eigendur, samkvæmt því sem fyrir er lagt í opnu bréfi 4. maí 1778 § 2.

Það er reyndar satt, að menn hafa kunnað því illa á Íslandi, að tekið hefir verið frá eigendum bændaeygna vidur sá og lítilsvirð vogrek, sem talað er um í opnu bréfi 4. maí 1778 § 2 og 3; menn hafa kunnað því illa, af því að það var ekki lýst konungsfè, þar næst af því að reka-eigendur áttu það eptir fornum landslögum, og enn vegna þess, að svo sjaldan sem aldrei eru á því slík einkenni, að nokkur eigandi geti sannað þau eða helgað sér. Það er mælt, að þessi kur hafi farið í vöxt á seinni tímum, sumpart vegna þess að það er orðin venja, og eptirlátið bæði af yfirvaldanna hendi og hlutaðeiganda stjórnarráðs, að eigendur hinna fornu Skálholtsstóls jarða skuli eignast þessi vogrek, og sumpart vegna þess að bréf rentukammersins 9. maí 1812 telur ekki plánka með reglulegum vogrekum, og þess vegna ekki heldur ferstrenda bjálka, þar eð hvorugt þetta verður tregðulaust heimfært meðal þess, sem kallað er „viðir

telgdir“ í Jónsb. rekab. 12. kap., eður meðal þess, sem kallað er „fuldt tilhugget Tömmur“ (fulltelgdir viður), svo sem opið bréf 4. maí 1778 § 4 kemst að orði, til að einkenna þess konar vogrek. Enn framar er þess að gæta, að eptir því sem hagar landslagi á Íslandi, er öldungis ómögulegt að hafa neinar óhultar gætur á, að ekki verði töluvert dregið undan af þess konar vogrekum, svo að meðan þessu fer fram, þá minkar virðing manna á lögunum, án þess að nein sérleg alþýðleg not fylgi á hinn bóginn. Það hefir verið haft til mótmæla á móti því, að sleppa rekaréttindum þessum, sem hér er getið, við einstöku menn, að með því veikti menn vernd þá, sem lögin ættu að veita eigendum vogreka, ef þeim væri slept við einstöku menn; en í þessu mótmæli er ekki mikil sönnun í þessu efni: því fyrst er, eins og áður var getið, alloptast ómögulegt að sanna, hvernig á slíkum vogrekum standi, þar eð eingin slík merki eru á þeim, að eigandi geti helgað sér þau; þar næst eru rekaréttindi þessi, sem hér er um að ræða, komin þegar að miklu leyti í einstakra manna hendur, og þar á ofan er eingin ástæða til, að álíta nokkurn hæfari til að hirða vogrek á fjörum kirkjunnar, ef hann á kirkju, sem er bændaeign, heldur en á öðrum fjörum fyrir jörðum hans, og á sama hátt virðist svo, sem eins óhult sé að trúa presti fyrir að hirða vogrek á fjörum þeirra jarða, sem hann á sjálfur, og hinna, sem honum eru veitt með braudinu.

Eptir þessum málavöxtum og ástæðum, sem nú hafa verið til færðar, hefir mönnum þókt sanngirni krefja þess, að sú breyting verði gjörð á lagareglum þeim, sem língað til hafa verið í gildi á Íslandi um viðu og lítilsvirð vogrek, sem hér greinir í lagafrumvarpi því, er með fylgir, en um einstök atviki þess er enn framar þessa að geta:

Í 1. grein hefir þókt réttast, að aðgreina hin eiginlegu vogrek, t. a. m. einstöku brot af skipum og bátum, sem eru lítils virði, frá höggnum og telgdum viðum, t. a. m. hjálkum, plaunkum og bordum, því verðlagstakmarkið, sem ákveðið er til 15 dala, virtist einungis eiga heima við eiginleg vogrek, en ekki við viðartegundir þær, sem nú voru taldar, sem mjög eiga fjarskylt við vogrek.

Því næst hefir verið vafi um, hvort meta ætti vogrek eptir verði eða ágóða, þegar ákveða skyldi, hvort það ætti að vera undanþegið ákvörðun 1. greinar í opnu bréfi 4. maí 1778,

þar sem konúngi er helgað strandað skip og góz; hefir verið fallizt á, að meta yrði sem næst eptir verðinu (án þess að telja kostnað með), þar eð af hinu kynni að leiða ýmisleg vandkvæði.

Enn framar er svo til ætlazt, að sá eigi vogrek, sem fjöru á, þegar hann er annar en landeigandi. Það er reyndar almenn regla á Íslandi, að rekinn skuli jörðu fylgja, og í lög-unum er það grundvallarregla, að gjöra ráð fyrir að svo sé, þángað til fullsannað er, að rekarétturinn sé geinginn undan jörðunni, eða að annar en landeigandi eigi rekann; en svo stendur samt á víða, að rekarétturinn er á fyrri tíðum skilinn frá lóðinni, eða frá landi því, sem hann heyrði undir, og afsalaður öðrum, einkum kirkjum og klaustrum. Jónsbók á-kveður nú reyndar í 2. kap. í rekabálki, að þar sem rekamaður sé annar en landeigandi, skuli hinn síðar nefndi hafa öll þau vogrek, sem upp ber á fjöruna, en lagagrein þessari hefir varla verið fylgt um mjög lángan tíma, þó hún kunni að hafa verið á nokkrum rökum byggð í fornöld, meðan öll vogrek, smá og stór, voru eign landeiganda; en nú er sá siður, að þegar rekamaður er annar en landeigandi, þá eignast rekamaður þau vogrek, sem á fjörunar koma

Það hefir að lyktum þókt réttast, að dómsmálasjóðnum verði bættar upp tekjur þær, sem hann hefir haft af smá-vogrekum, ef hann gæti ekki séð af því, þegar fram líða stundir; ætti þá sú uppbót að koma úr jafnaðarsjóðum amtanna eptir miðlungstali nokkurra ára.

II.

Frumvarp

til tilskipunar handa Íslandi, um nokkrar breytingar á erfðalögnum.

§ 1.

Eptir þenna dag skal mismunur sá, sem eptir dönsku og norsku laga 5—2—29 skyldi vera á arfahlutum karla og kvenna, vera af tekinn.

§ 2.

Börn hins látna og annað afspreingi skulu hér eptir, eins og hingað til, vera nánustu erfingjar hans, svo einginn annar erfir fyrir frændsemis sakir, meðan nokkurt þeirra er til. Um niðja - arf skal það óraskað standa, sem boðið er í D. og N. L. 5. b. 2. kap., svo að, ef barn er andað á undan hinum látna, skulu börn þess, sem eru barnabörn hins látna, koma í stað þess, og taka þann arfahlut, er því hefði borð, ef það hefði lifað; en ef barns barn er líka andað á undan hinum látna, og lifa börn þess, þá skulu þau koma í þess stað; eins skal fara, ef þriðji niður er andaður og á börn á lífi eptir, og svo framvegis, meðan nokkur niður er til.

§ 3.

Sè ekkert arfgeingt afkvæmi til, en faðir og móðir hins látna lifa, erfa þau hann ein saman. Sè fullur félagskapur milli þeirra að lögum, þarf ekki á skiptum að halda; en ef það er ekki, skal skipta arfinum að helmíngi milli þeirra, nema þau sé skilin með dómi fyrir hórdómssök, því þá skal það þeirra taka allan arf, sem ekki hefir brotið.

§ 4.

En ef faðir er andaður eða móðir, þá tekur það þeirra, sem er á lífi, helmíng arfs, en hinn helmíngurinn hverfur und-

ir börn þess þeirra, sem andað er, en það eru alsystkin eða hálsystkin hins látna, og skal skipta jafnt í millum þeirra. En ef nokkurt þeirra er dautt, koma börn þess eða aðrir niðjar í stað þess, eptir því sem fyrir er mælt í 2. grein. En ef eingi niður er á lífi eptir það af foreldrunum, sem andað er, tekur hitt allan arfinn.

§ 5.

Ef báðir foreldrar eru láttnir, hverfa arfahlutar þeirra undir börn þeirra, sem eru systkin hins látna. Ef öll börnin hafa sömu foreldra, erfa þau öll jafnt, en ef þau hafa það ekki, erfa þau börn, sem foreldrar eiga saman, þann part, sem borðið hefði undir föður þeirra eða móður, ef lifað hefði, en beggja part, ef þau eru beggja börn, og börn beggja foreldra hins látna erfa því með tvennu móti. Nú er eitt af systkinum hins látna áður dautt, og lifa börn þess, þá koma þau í stað föður síns eða móður, og eins skal fara, þá er eithvert af börnum systkinanna er andað, og lifa börn þess, að þá koma þau í stað föður síns eða móður, o. s. frv., eptir því sem fyrir er skipað í 4. grein.

Meðan einhver er á lífi af afkvæmi samfedra eða sammæðra systkina, tekur hver af þessum knærunnum (ættleggjum) helming arfs, hvort sem erfingjar eru margir eða fáir, náskyldir eða fjærskyldir; en sé einginn á lífi af öðrum knærunnum, tekur hinn allan arf.

§ 6.

Ef ekki eru niðjar til, foreldrar, systkin eða afkvæmi þeirra, þá taka afar og ömmur hins látna arf á þann hátt, að föðurfórelldrar hins látna taka helming arfsins, en móðurfórelldrar hinn helminginn, og er síðan skipt með þeim að jöfnu. Ef afi er dauður eða amma, taka börn þeirra eða annað afkvæmi arfahluta þeirra eptir þeim reglum, sem settar eru í 4. og 5. grein um arf foreldra, systkina og niðja þeirra. Ef annaðhvort af föðurfórelldrum eða móðurfórelldrum er andað, og á eingin börn eða afkvæmi á lífi, hverfur arfahluti þess undir hitt, eða þess afkvæmi. En sé í þessari erfð einginn föðurfrændi til, erfa móðurfrændur allan arfinn, og sé ekki móðurfrændur til, þá erfa föðurfrændur.

§ 7.

Ef einginn er á lífi úr erfð þeirri, sem um er getið í 6. grein, hverfur arfur undir lán-gafa og lán-gömmu og afkvæmi þeirra, og skal þá alt fara samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gjörðar eru í þeirri grein: að hver forfeðra grein (kynkvísl uppeptir?) fær sinn arfahlut, meðan einhver af þeirri grein (kynkvísl?) er á lífi, en þegar ein greinin (kynkvíslin) er líðin undir lok, fellur arfur undir þá aðalgreinina (kynkvísl), sem henni er nánust, og að þegar ekki er nema ein þeirra til, hverfur allur arfurinn undir hana. Þannig skulu foreldrar föðurata og föðurömmu, eða ættbogar þeir, sem frá þeim eru komnir, allir saman taka helming arfs að jöfnum skiptum, og foreldrar móðurafa og móðurömmu, eða afkvæmi þeirra, hinn helminginn. En sé t. a. m. einginn af forfeðrum föðurafans á lífi, né afkvæmi þeirra, hverfur sá arfahluti, er sú grein (ættkvísl) hefði átt að taka, undir forfeður föðurömmu og þeirra niðja, en sé ekki heldur neinn erfingi til þeim megin, taka ættir (ættkvíslir) móðurafa og móðurömmu allan arf að jöfnum skiptum, eða sé önnur þeirra undir lok líðin, þá sú af þeim, sem uppi er.

§ 8.

Sé ekki heldur neinn maður á lífi, er arfgeingur sé eptir 7. grein, hverfur arfur hins látna undir lán-gafa foreldra hans eða afkvæmi þeirra, og skal að öllu leyti fara eptir því, sem ákveðið er í nefndri grein og greinunum þar á undan. Þar með eru takmörk þau af tekin, er löggin hafa stundum sett við sjöunda mann.

§ 9.

Undanfarandi greinir miða einúngis til að ákvarða, á hvern hátt ættingjar skulu taka arf, en um ásigkomulag frændsemi þeirrar, er arftökurétt veitir, skal það standa óraskað, sem hingað að til hafa lög verið. En þar eð L. 5—2—33 verður ekki leingur við komið heinlinis, eins og orðin liggja, viljum vèr í þess stað ákvarða, að hvert barn, sem getið er utan hjónabands, skuli eiga arftökurétt eptir föður og föðurfrændur, ef foreldrarnir hafa látið það áform í ljósi, áður en barnið fæddist, að þau ætluðu að eigast, annaðhvort með því að beiðast lýsingar eða kaupa leyfisbréf, en ekki hefir getað orðið af hjónavígslunni; sakir þess að faðirinn hefir dáið litlu síðar, eða sakir ein-

hverrar annarar tálmanar, er honum verður eigi gefin sök á, og helzt alla æfi hans, t. a. m. veikindi eða varðhald.

§ 10.

Ef faðir kostar töluverðu upp á eitt eða fleiri af börnum sínum, eptir að þau eru komin upp, annaðhvort til að menta þau betur til þeirrar stéttar, sem þeim er ætluð, eða til að gjöra þau fær um að festa ráð sitt eða komast í atvinnuveg, eða til að efla framkvæmdir þeirra, eða auka velgeingni þeirra á annan hátt, en honum þykir sanngjarnt við hin börn sín að draga þenna kostnað og styrk af arfahluta barnsins, enda sé þetta sýnilegt, annaðhvort af því að hann hafi skrifað upp útgjöld sín í því skyni, eða af öðrum ljósum skýrteinum, þá skal sá afdráttur fram fara, og skal bæði draga af föðurarfinum og af þeim arfi, er börnin kynni að fá eptir móður sína, þegar hún hefir átt félagsbú með föðurnum. Það skal vera aðalreglan, að það, sem faðirinn hefir skriflegt eptir sig látið, skal vera full sönnun fyrir því, sem hvert barn hefir feingið fyrir fram. En komi mikil skýrteini fram þar á móti, eða ef það lýsir sèr, að þess konar útgjöld eru talin barninu, sem ekki ætti að rétту lagi að telja því upp í arf, annaðhvort vegna þess, hvernig útgjöldum þessum er varið í sjálfu sèr, eða eptir efnahag búins, eða hafi verið kostað upp á hin börnin, án þess það hafi verið skrifað upp eins, eða sé eitthvað auðsjáanlega virt of hátt: þá skal skiptaráðandi íhuga allar kringumstæður nákvæmlega og ákveða síðan, hvort afdrátturinn eigi að fara fram, eða að hve miklu leyti. Geti barnið skilað þeim hlut aptur jafngóðum, er það hefir feingið, kemst það hjá að gjalda verð það, er hluturinn var metinn til. Sè ekki svo ástætt, má þó ekki skildagalaust telja barninu upp í arf sinn verð það, er hluturinn var keyptur fyrir, heldur skal einnig lita ágangverð það, er þá er á peningum, eptir því sem á stendur, og alls ekki meta hlutinn hærra, en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hin börnin. Þyki þess þörf, til að fá áreiðanlega grein fyrir öllu því, er til álita skal koma um afdráttinn, þá skal skiptaráðandi kveða til valinkunna og réttssýna menn af frændum eða nákunníngjum hins látna, til að segja álit sitt um málið.

§ 11.

Ef barnið hefir feingið meira fè fyrir fram, en nemur arfa-

hluta þeim, er því ber, fær það að visu eingan arf, en verður þó ekki skyldað til sem skuldunautur að borga það, sem það hefir tekið á móti fyrir fram einúngis upp í arfsvon sína. En hafi faðirinn af rángsleitni við skuldaheimtumenn sína gefið börnum sínum þvílíkar gjafir, að hann eða bú hans vinnst eigi til að borga skuldaheimtumönnum, þá skulu slíkar gjafir ógildar að lögum.

§ 12.

Veiti móðir einstökum börnum sínum styrk, eptir að faðir er dauður, þá skal telja þeim þann styrk upp í arfahluta þeirra síðan, á sama hátt og eptir sömu reglum sem fyrir er mælt í 10. og 11. grein um föðurinn. Þannig skal einnig breyta, sé það seinni maður hennar, er veitir þeim slíkan styrk, sem ráðandi félagsbús síns og móðurinnar. Sama er og að segja um þann styrk, er föðurfórelðrar eða móðurfórelðrar veita barnabörnum sínum, eptir að barn þeirra sjálft er látið.

§ 13.

Nú hefir barn feingið styrk fyrir fram upp í arf sinn eptir föður og móður eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, þá skal draga þann styrk á síðan frá arfahluta þeirra eptir afa þeirra og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum og ákveðið er um barnið sjálft.

§ 14.

Það er bannað upp frá þessu, að selja eða veðsetja arf þann, er maður á í vændum; eigi má heldur gefa slíkan arf. Þó skal eigi varna börnum eða öðrum niðjum, að afsala sér arftökurétt í hendur þeim, er þau eiga arfsvon að, hvort sem það er gjört fyrir nokkuð eða ekkert, sé þau annars fullveðja og fjár síns ráðandi; sé ekkert skilyrði haft, skal þetta vera jafnt skuldbindanda fyrir börn þess, er afsalar sér arf, eins og fyrir hann sjálfan. Sama er og, ef einhver sá erfingi, sem ekki er niður hins, afsalar sér arftökurétt í hendur þeim, er hann stendur til að erfa.

§ 15.

Auk skyldmenna þeirra, sem talin eru í 2—8. gr., á einnig það hjóna, sem lifir eptir, rétt á að taka arfahlut eptir hið

látna. Eigi hið látna afkvæmi á lífi, er erfðarétt hefir, þá skal arfahluti hins vera jafn því, sem arfahluti eins barns er að lögum; þó má hann aldrei vera meiri en svo, að hann samsvari fjórðungi af öllum arfi hins látna, þegar frá hefir verið talið það, er gefið kynni að vera einstökum niðjum eða öðrum, samkvæmt 22. gr. í tilskipun þessari. Þó ekki sé barn til, skal samt miða við þann hluta, er það hefði átt að fá, þó sá arfahluti skiptist milli fleiri niðja, er koma í stað hins látna barns. Eigi hið látna ekkert afkvæmi á lífi, hverfur þriðjungur arfs eptir það undir hitt, er leingur lifir.

§ 16.

Vér höfum veitt því hjóna, er leingur lifir, þau réttindi í 15. grein, sem eru í flestu miklu haganlegri og minni annmörkum bundin en þau, er L. 5—2—19 veitir, þar sem leyft er að taka bróðurlóð, þegar svo er ástætt, sem þar er getið; eða næsta grein þar á eptir, þar sem hjónum er leyft að virða sér sjálf fè sitt, og skerða með því að nokkru leyti sameign þá, sem tíðkanleg er meðal hjóna; skal því alt það ógilt vera, er greinir þessar ákvarða um þetta efni. Að öðru leyti er það sjálfsagt, að það hjóna, sem leingur lifir, eignast arf sinn eptir hitt með sama rétti og hvern annan arf, og ná þar alls ekki til þær ákvarðanir, sem hin fyrri lagagrein, er þegar var nefnd, hefir sett um bróðurlóð það, er þar getur um. Hjón eiga og kost á, eins og áður, að leita þess háttar samningum staðfestingar, er annaðhvort aftaka eða takmarka sameign þá á milli þeirra, er alment tíðkast milli hjóna.

Réttur sá skal haldast, sem L. 5—2—25, sbr. 26. grein, veitir ekkjum, að taka festargjöf eða morgungjöf, þá er maður hennar hefir áður gefið henni, og skal taka þetta af óskiptu búi.

§ 17.

Ef það hjóna, er fyrri deyr, á eingan þann ættingja á lífi, er til arfs nær, eptir því erfðatali sem hér er skipað, þá tekur það, er leingur lifir, allan arf. Réttur hjóna til að erfa hvort annað, bæði sá, er hér er getið, og sá, er talað er um í 15. grein, hverfur sjálfkrafa, þegar hjónaskilnaður verður; hann skal og ekki haldast, þegar þau eru eptir leyfisbrèfi skilin að borði og sæng.

§ 18.

Ekki er maður skyldur að skipta arfi eptir konu sína andaða með börnum þeirra ómyndugum, alla þá stund sem hann ekki kvongast á ný, nema því að eins að kaupmála bréf eða aðrar gildar ákvarðanir gjöri slík skipti nauðsynleg. Það er og á hans valdi að veita konu sinni með arfleidsluskrá sama rétt, og hann hefir, til að sitja í óskiptu búi. En sé eingin slík ákvörðun gjörð, skal amtmaður mega veita ekkj-unni leyfi þetta, ef hún sannar með áreiðanlegum vitnisburðum, að hún sé ráðdeildarsöm kona, er kunní vel að fara með fè sitt. Þetta leyfi mega einnig amtmenn veita foreldri því, sem leingur lifir, þó ómyndug stjúpbörn sé, ef líkíndi eru til, að vitni þess sem er borinn forsvarsmáður barnanna, eða eptir álíti annara áreiðanlegra manna, að stjúpfaðir eða stjúpmóðir muni sjá þeim fyrir sæmilegu framfæri og uppeldi. Nú situr það hjóna, er leingur lifir, í óskiptu búi, og bætist því eitthvað, sem eigi kemur búinu við, einkum að erfðum eða gjöfum, þá þarf ekki að leggja það í búið, ef skipta er heðizt þá þegar, áður það hefir runnið þar inn.

§ 19.

Réttur sá, er það hjóna, er leingur lifir, hefir til að sitja í óskiptu búi, samkvæmt undanfarandi grein, hverfur jafuskjótt, ef það giptist aptur. En þegar svo er ástádt, og skipta skal, eða þegar það hjóna, er leingur lifir, verður að láta skipta, þó það giptist ekki á ný, eptir því sem fyrir er mælt í 18. grein, þá skal skiptaráðandi sjá um, að stjórn búsins mæti sem minnstum бага að verða má. Skiptin á að byggja á framtölu búsráðanda sjálfs á eigum og skuldum búsins, að svo miklu leyti sem erfingjar og fjárhaldsmenn þeirra fallast á (samþykkja) hana, og skiptaráðandi ekki finnur neina sérlega ástæðu til að reingja hana fyrir hönd hinna ómyndugu. Og þótt framtalan þyki eigi í alla staði rétt, skal samt ekki selja fjármuni búsins, nema nauðsyn beri til, heldur skal láta virða þá af óvilhölum mönnum. Þegar nú arfahlutar barnanna eru fundnir á þenna hátt, skal þá greiða af hendi, eða varðveita eins og vera ber, ef þau eru ómyndug, samkvæmt því sem fyrir er mælt í tilskipun 18. febrúar 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

§ 20.

Það skal, hëðan af leyft vera hverjum einum, sem er 18 vetra að aldri og með fullri skynsemi, og ekki á arfgeingt afkvæmi, að ráðstafa öllum eignum sínum með arfleiðsluskrá, eins og honum sjálfum líkar, án þess leita þurfi staðfestingar til konungs. Þó má annað hjóna ekki svipta hitt þeim hluta af arfi eptir sig, er 15. grein veitir því tilkall til, nema það hafi gefið sjálf til þess samþykki sitt.

§ 21.

Ef sá, sem gjöra vill arfleiðsluskrá, er settur undir forráð annara, annaðhvort vegna eyðslusemi eða annara sérlegra orsaka, þá verður ekki gild arfleiðsluskrá hans, nema honum sé veitt leyfi af amtmanni til að gjöra hana. Sömuleiðis þarf og staðfesting amtmanns til þess, að sá maður, er gjörður hefir verið ómyndugur, geti kallað aptur að lögum arfleiðslu þá, er staðfest hefir verið á tæðan hátt, eða hverja aðra eldri, er hann kynni að hafa gjört, áður en hann varð ómyndugur.

§ 22.

Sá, sem á arfgeinga niðja á lífi, skal eiga rétt á að gefa fjórðung úr fê sínu, hvort sem hann ráðstafar því handa einstökum mönnum, kirkjum, skólum eða fátækum, eða til annars þvilíks augnamiðs.

§ 23.

Til þess að arfleiðsluskrá sé löggild, ef nokkur af hlutaðeigendum vill reingja, á hún að vera bréfleg, og skal sá, er arfleiðir, annaðhvort hafa ritað nafn sitt undir hana eða kennt við hana, annaðhvort fyrir *notarius publicus*, eptir því sem fyrir er skipað í opnu bréfi 8. janúar 1823 (sbr. konungsbréf 5. apríl 1826), eða fyrir tveim vitnum, er tilkvödd hafa verið í því skyni, og ritað á arfleiðsluskrána vottorð sitt; skulu þau geta unnið eið að því, ef þörf gjörist, að arfleiðandi hafi þá verið með fullu ráði, er hann ritaði í viðurvist þeirra nafn sitt undir arfleiðsluskrána, eða kendist við hana. Sé arfleiðandi ólæs á skrif, skal lesa arfleiðsluskrána skilmerkilega upp fyrir honum, og skal *notarius* eða vitnin sanna, að svo hafi verið gjört. Um arfleiðsluskrár skal þá eina til vitna taka, er sé

svo valinkunnir og réttsýnir, að eigi verði neitt með rökum að þeim fundið.

Þegar vitni skal leiða um arfleðsluskrá, hvort rétt sé, skal ætíð kveðja til lögerfingja hins látna, og þegar fram kemur önnur arfleðsluskrá eldri, og gagnstæð þeirri, er sanna skal að rétt sé, skal einnig kveðja til þá, er arfleiddir voru í hinni fyrri skrá, til að vera viðstaddir vitnaleiðsluna. Sé sá, er vitni vill leiða, óviss um, hverja arfgeinga frændur hinn látni eigi eptir, eða hann veit ekki til, að þeir sé á Íslandi, þá skal hann stefna þeim með 6 vikna fresti, og skal birta stefnuna við kirkju í þeirri sókn, sem búinu á að skipta í, og í næstu sóknum, og þar að auki í þeirri sókn, sem leiða á í þingsvitni, ef sú sókn er ekki meðal þeirra, sem þegar voru taldar.

§ 24.

Verði maður snögglega og hættulega veikur, og vilji gjöra arfleðsluskrá, má vikja frá reglu þeirri, sem sett er í 23. grein, að arfleðsluskrár skulu vera bréflegar. Arfleðslan má þá fara fram munnlega, í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, er sé svo að sér gjörvör, sem arfleðsluvottar eiga að vera, og tiltekið er í 23. grein, þó skulu þeir menn tafarlaust skrásetja efni arfleðslunnar, og rita nöfn sín undir. En slík arfleðsluskrá skal heita sem aptur tekin, ef arfleðandi verður aptur heill heilsu, og ánýar hana ekki áður 4 vikur eru liðnar, á þann hátt sem ákveðið er um bréflegar arfleðsluskrár.

§ 25.

Reglur þær um arfleðsluskrár, er standa í greinunum hér að framan, skulu einnig haldast um þess konar gjafabréf, sem ekki er ætlazt til að gildi fyrr en að gjafaranum dauðum, þó með breytingum þeim, er leiða af, að gjafabréfið er nokkurs konar samningur.

§ 26.

Þegar bú er ekki tekið til skipta, eptir því sem fyrir er mælt í þessari tilskipan vorri, fyrir þá sök að hlutaðeigandi situr í óskiptu búi með ómyndugum börnum, skal nú fyrst um sinn lúka skiptaráðanda og skiptaskrifara gjald nokkurt, sem skipað er í aukatekju-reglugjörð 10. september 1830, 38. grein.

§ 27.

Breyting sú, er tilskipan þessi gjörir á erfðalögnum, verður fyrst löggild um þann arf, er fellur til eptir 1. janúar. 18. .; en um arfleiðsluskrár, arfsalsbréf og kaupmálaljörninga, sem samið hefir verið fyrir þann dag, skal fara eptir lögum þeim, er hingatil til hafa verið í gildi. Þó skulu arfleiðsluskrár þær, er áður eru samdar, vera löggildar staðfestingalaust, ef þær eru að lögun og efni samkvæmar tilskipun þessari, þó þær sé ekki samkvæmar lagareglum þeim, er hingatil til hafa verið.

§ 28.

Til þess að efni þessarar vorrar tilskipunar því óbrigðulegar skuli verða kunnugt öllum hlutaðeigendum, viljum vèr, að hún bæði verði birt á vanalegan hátt, og þar að auki svo mikið prentað af henni, að hver hreppstjóri geti feingið eina. Þar að auki skal birta þetta við kirkjur, á þann hátt sem skipað er í tilskipun 8. okt. 1824 § 2. (sbr. konungsbréf, 7. desember 1827, 3), og vonum vèr einnig, að prestar, hreppstjórar og aðrir, sem eru í þeirri stétt, að þeir hafa tækifæri til að leiðbeina alþýðu, láti sér ant um að gjöra öllum kunnar reglur þessarar tilskipunar vorrar, einkum efnið í 23. og 24. grein.

Ástæður

til laga-frumvarps til tilskipunar handa Íslandi, um nokkrar breytingar á erfðalögnum.

Samkvæmt konunglegum úrskurði frá 10. nóvb. 1843 var skorað á alþing það, sem haldið var 1847, að segja álit sitt um, hvort það væri vel fallið, að nokkrar af þeim almennu tilskipunum, sem gefnar höfðu verið fyrir Danmörku árin 1845 og 1846, væru löggiltar fyrir Ísland.

Alþing stakk upp á, að tilskipun frá 21. maí 1845 um nokkrar breytingar í erfðalögnum feingi lagagildi á Íslandi með ýmsum að nokkru leyti mikilvægum breytingum í hennar ákvörðunum, og að nefnd tilskipan væri strax lätin útkoma, án þess að nýtt frumvarp til hennar seinna væri lagt fyrir þingið.

En þareð fleiri af uppástungum þingsins, sér í lagi áhrærandi 18. og 24. grein, urðu að breytast töluvert; þareð einn-

ig önnur atriði í tilskipuninni, um hver þingið einga uppástúngu hafði gjört, þurftu nokkurrar lagfæringar við; og þar eð auðsèð var, að þingið ei hafði haft tillit til frumrits ennar dönsku tilskipunar, heldur einúngis til íslenzkrar útleggingar af henni, er fylgdi með til upplýsingar, en ekki var samin á þann hátt, sem vanalegt er um útleggingar þeirra tilskipana, sem útkoma fyrir Ísland, og laga-frumvarpa þeirra, sem af kóngi eru samþykkt, — þókti það nauðsynlegt að láta leggja fyrir alþing það, er nú á saman að koma, frumvarp til nýrrar tilskipunar, í hverri gætt væri þeirra athugasemda, er alþing gjörði 1847. Þessi aðferð er einnig samkvæmust þeim vanalegu reglum og tilskipun frá 8. marz 1843. 1. og 44. grein, og hún er líka í sjálfu sér hagfeldust, þar það er að álita sem verulegan part af tilhlýðilegum undirbúningi lagaboðanna, að þær laga-ákvarðanir, sem sem út eiga að koma, séu yfirvegaðar af stjórninni, og lagðar fyrir hans hátign, konúnginn, til samþykkis, áður en þær með ástæðum eru sendar alþingi til ráðaneytis, og það virðist því síður nú að vera tilefni til að víkja frá þessu, sem ásigkomulag þessa málefnis ekki gefur neina ástæðu til að flýta svo fyrir útkomu tilskipunarinnar, að hún verði fyrir það lakari.

Eptir að málefni þetta þess vegna á ný hefir verið tekið til yfirvegunar, leggst nú fyrir alþingi til ráðaneytis frumvarp til tilskipunar, bygt á tilskipun frá 21. maí 1845 með þeim breytingum, sem uppástungur alþingis 1847 hafa gefið tilefni til, eður sem annars hafa þókt vel henta og nú skal telja ástæður til.

Til 1. greinar.

Í tilskipun frá 21. maí 1845. 2. grein er það ákveðið, að hvað niðja-erfðir snertir, skuli framvegis gilda reglan í Dl. 5. B. 2. k. 29. grein, að karlar taki tvöfalt í arf við konur, en þó svo, að foreldrum sé leyft, að láta dóttur taka jafnan arf við son, eður upp á annan hátt auka arf hennar, er þó ei má vera meiri en svo, að bróðurlóð nemi; þar á móti ákvarðar 4. grein tilskipunarinnar, að mismunur á arfi karls og konu eptir 2. grein ekki skuli eiga sér stað í hinum öðrum erfðaflokkum. Alþingi hefir í þessu tilliti látið þá meiningu í ljósi, að það mundi vera langt um hagfeldara og meira að skapi Íslendinga, að það beinlinis og fortakslaust yrði lögboðið að

dætur taki jafnan arf sem synir; og þar eð alþing hefir fallizt á þetta í einu hljóði, þykir ekkert tilefni til að vera því mót-fallinn, að fullkominn jöfnuður milli karla og kvenna í tilliti til erindaréttarins verði löggiltur á Íslandi án þeirrar tilbreyt-ingar í þessari grundvallar reglu, sem í ofan nefndrar tilskip-unar 2. grein er lögtekin fyrir Danmörku, vegna ásigkomu-lags þar og þess ýmislega álits, er menn þar hafa á þessu málefni. Af þessari orsök er 2. grein tilskip. frá 21. maí 1845 úr feld, en nýrri 1. grein við bætt í frumvarpið, þess efnis, að mismunur sá, sem eptir laganna 5—2—29 hingað til verið hefir á arfahlutum karla og kvenna, skuli framvegis af tekinn vera á Íslandi, hvar á móti 1. grein tilskipunarinnar nú er orðin 2. grein frumvarpsins.

Til 4. greinar.

Samkvæmt því sem áður er tilgreint, er eptir uppástúngu alþingis sú breyting sked í þessari grein, að orðin: „og án þess að tillit sé haft — — — — er arf lætur eptir sig“, eru úr feld.

Til 9. greinar.

Eptir uppástúngu alþingis eru hér einnig feld úr orðin: „eða, ef hann er úr sjómanna líði, með því að útvega friunar-bréf“, þar þau eiga ekki við á Íslandi; líka eru einnig orðin frá: „þetta gildir þó einúngis“ . . til . . „sérlegar arfatökureglur eru gefnar“, úr feld af sömu orsök.

Til 11. greinar.

Í stað þess að grein þessi í tilskipuninni af 21. maí 1845 vitnar til Dl. 5—4—8, 9 og 10 og 14. kap. 46. grein, er það álitid réttara, samkvæmt tillögum alþingis, að ákveða, að þær gjaf-ir, sem hér ræðir um, skuli, nær svo á stendur, sem í grein-inni er ráð fyrir gjört, vera ógildar samkvæmt löggjöfni.

Til 18. greinar.

Um þá ákvörðun í þessari grein tilskipunarinnar frá 21. maí 1845, að maðurinn eptir dauða konu sinnar ei er skyldur til að skipta með börnum þeirra, hvort sem þau eru myndug eða ómyndug, hefir alþingi árið 1847 látið það álit sitt í ljósi, að hún ekki í alla staði væri hentug á Íslandi, en gæti ollað misbrúkunar og margskonar vandkvæða. Alþing áleit það því

betur henta, að föðurnum eptir lögunum sjálfum einúngis skyldi vera leyft að sitja í óskiptu húi, meðan börnin eru ómyndug, en nær eitt þeirra eður fleiri verða myndug og óska skipta, skyldi faðirinn vera skyldugur til þess, nema hann, eptir feingnar skýrslur frá hlutaðeigendum, öðlaðist leyfisbréf frá amtmanni til að sitja í óskiptu húi.

Það er því álitid réttast, að ekkjumenn á Íslandi ei hafi laga-leyfi til að sitja í óskiptu húi með myndugum börnum, hvar það virðist vera mönnum lítt að skapi, og hvar kringumstæðurnar ei mæla svo fram með því, sem í Danmörku: en þá virðist amtmaðurinn ekki heldur eiga að geta gefid leyfisbréf til þess; því þó það sé rétri reglu samkvæmt, að stjórnin, eða yfirvaldið hennar vegna, veiti samþykki til slíkra hluta ómyndugum í hag og þeirra vegna, er þeir sjálfir ei mega samþykkja, væri það þó óeðlilegt, að yfirvaldið í slíkum efnum skyldi mega ákvarða nokkuð myndugra manna vegna. Þegar þeir því einúngis, hér eptir sem hingað til, hafa rétt til að krefjast skipta, á það að vera undir þeim sjálfum komið, hvort þeir vilja nota sér hann, eða ekki. Sú breyting á reglum þeim, sem hingað til hafa gilt á Íslandi, áhrærandi leyfi til að sitja í óskiptu húi fyrir það hjóna, er leingur lifir, hlýtur því einúngis að verða sú, að ekkjumaðurinn án leyfisbréfs megi sitja í óskiptu húi með börnum sínum, og að ekkja megi öðlast sama rétt, annaðhvort með testamentisgjörð mannsins, eður með leyfi yfirvaldsins, þannig löguðu, sem tilskipunarinnar 28. § ákveður, án þess að hún þurfi að leysa konúnglegt leyfisbréf; og að amtmaðurinn megi leyfa hverju því hjóna, er leingur lifir, að sitja í óskiptu húi með ómyndugum stjúp-börnum. Samkvæmt þessu er 18. grein í frumvarpinu samín.

Til 19. greinar.

Í stað þeirra lagaboda, sem til er vitnað í niðurlagi 19. greinar í tilskip. 21. maí 1845, er í frumvarpinu vísað til tilskipunar frá 18. febr. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Til tilskip. 20. greinar.

Þessi grein fellur úr, þar tilskip. 21. júní 1799 aldrei hefir gildi haft á Íslandi. Alþingið hafði bætt því við, að tilefni væri til að geta þess, að konúngsúrskurður 21. júl. 1808, sem fríar fátæka handiðnamenn í Reykjavík frá því að leysa leyf-

isbréf til að sitja í óskiptu húi, eptirleiðis skyldi úr gildi gánga, en eptir frumvarpsins almennilegu ákvörðun um málefni þetta, virðist það ekki nauðsynlegt.

Til 21. gr. (tilskip. 22. gr.)

Eptir ósk alþingis er það leyft amtmönnunum að veita leyfi það, sem hér er um getið, og má það ske með úrskurði, án þess fá þurfi staðfestingu upp á testamentisgjörðina.

Til 22. gr. (tilskip. 23. gr.)

Það leiðir af því, að dætur eptir frumvarpinu taka jafnan arf með sonum, að þessi orð í tilskip. 23. grein: „auk réttar þess, er honum er veittur í 2. gr., til að hækka arfahlut dætranna“, verða að fellast úr.

Til 23. gr. (tilskip. § 24.)

Í stað þess, sem ákvarðað er í niðurlagi 24. gr. í tilskip. um auglýsingu stefna þeirra, sem þar ræðir um, hafði alþingi stungið upp á, að þær skyldu verða birtar í blaði því eða tímariti, er út kemur á Íslandi. Aðferð þessi þykir samt ei ráðleg, en hitt tiltækilegra, að lesa stefnuna við kirkjufund í þeirri sókn, hvar skipti skal fram fara eptir hinn dána, og í hinum næstu sóknum, samt í þeirri, í hverri þingsvitni skal taka, sè sókn þessi önnur, en þær áður nefndu. Samkvæmt þessu er greininni breytt; og auk opins bréfs 8. jan. 1823 er líka vitnað til konungsbréfs 5. apríl 1826, með hverju nefnt opið bréf er lögleiddt á Íslandi.

Til 24. gr. (tilskip. 25. gr.)

Þar stimplaður pappír ekki er lögboðinn á Íslandi, eru orðin í tilskipunarinnar 25. grein: „og má hafa til þess í bráð óstimplaðan pappír“, úr feld, og sömuleiðis seinasti liður greinarinnar, sem ekki á við á Íslandi.

Til tilskip. 26—29, og 31. greinar.

Þessar greinir í tilskip. 21. maí 1845 eru einnig eptir uppástungu alþingis úr feldar, þar fjórar enar fyrst nefndu eiga ekki við á Íslandi, en 31. grein áhrærir stimplaðan pappír, sem þar er ei við hafður.

Til 26. greinar (tilskip. 32. gr.)

Tilskipunarinnar 32. gr. er þannig breytt, að vísað er til aukatekjureglugjörðarinnar frá 10. sept. 1830, 38. gr., í stað ennar dönsku aukatekjureglugjörðar 22. marz 1814, og að orðin: „og sömuleiðis hækkunarafgjald af því, eins og boðið er í 156. gr. í tæðri reglugjörð“, eru úr feld ásamt með niðurlagi greinarinnar.

Til 27. gr. (tilskip. 33. gr.)

Í grein þessari hafði alþingi stungið upp á, að tilskipunin fyrst skyldi öðlast lagagildi á Íslandi í tilliti til arfs þess, er fellur eptir 1. októbr. þess árs, á hverju hún löglega er auglýst á manntalsþingum vorið eða sumarið áður. Það er samt álitid hentugra að ákvarða vissan dag, á hverjum tilskipanin skyldi ganga í gildi á öllu landinu, í stað þess að hún í ýmsum þingsóknum skyldi öðlast gildi fyrir eður síðar, eptir því hvort henni væri þinglýst fyrir eða eptir þann 1. dag októbermánaðar. Tímabil þetta ætti að vera nokkuð langt, t. a. m. 1. dagur janúar mánaðar, hið annað ár eptir það hún væri dagsett, og gæti þá gildt bæði um lögarf og um testamentisgjörðir, hvað eð gjörir málefnið óflóknara. Eptir þessu er greininni breytt, þannig, að árið, nær tilskipanin skal ganga í gildi, er látið autt standa.

Til 28. gr. (tilskip. 34. gr.)

Við grein þessa hafði alþingið einga athugasemd gjört. Samt er það nauðsynlegt, að henni sé að nokkru breytt, eptir því sem til hagar á Íslandi. Þannig verða hreppstjórnir að ganga í stað sóknar-fóvetanna, og það, sem í greininni er ákveðið um, að í stórum sóknum skuli tilskipanin liggja til eptirsjónar á einum eða fleiri hentugum stöðum eptir sóknarráðsins fyrirsögn, er undan felt. Þar sem skýrskotað er til tilskipunar frá 8. októbr. 1824, er bætt við konungsbréfi frá 7. desember 1847, Nr. 3., með hverju nefnd tilskipan er lögleidd á Íslandi.

III.

F r u m v a r p

til opins bréfs, um hve nær manntalsþing skuli halda
í Norðurmúlasýslu.

Það skal leyft vera, að halda ekki manntalsþing fyrr en
í júnímánuði eða júlí, í þeim þingsóknum í Norðurmúlasýslu,
sem í á að sækja yfir torfarna fjallvegi.

Ástæður,

til frumvarps til opins bréfs, um hve nær manntalsþing
skuli halda í Norðurmúlasýslu.

Sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, í norður og austuramtinu á Íslandi, hefir ritað hinu fyrrveranda lögstjórnarráði í fyrra, og beðizt þess, að Norðurmúlasýsla mætti njótandi verða sama leyfis og veitt er Suðurmúlasýslu í konúnglegum úrskurði 22. marz 1843, kunnngjörðum í opnu bréfi lögstjórnarráðsins 30. dag sama mánaðar, þar sem fyrir er skipað um, hve nær halda skuli manntalsþing á Íslandi: að dragast megi að halda manntalsþingin í þeim þingsóknum í sýslunni, þar sem leiðir liggja til yfir torfarna fjallvegi, þángað til þeir verða færir í júní eða júlímánuði.

Sýslumaðurinn hefir getið þess, að í umræðum þeim um þetta mál, sem geingu á undan úrskurðinum, og fóru fram um sumarið 1841 í nefnd íslenzkra embættismanna, þeirri er sett var í Reykjavík með konúnglegum úrskurði 22. ágúst 1838,

hafi það einkum verið tekið fram með tilliti til Norðurmúlasýslu, að þar væri svo torfarnir fjallvegir milli þingsóknanna, að það mundi opt verða mjög örðugt að halda manntalsþingin á því tímabili, sem var álitid alment hentugast til þinghaldsins, en það var frá 16—20. maí til þess 6—10. júní; var því stungið upp á í álitsskjali nefndarinnar til hins danska kanselliis um málið 21. júlí 1841 (og er álitsskjal þetta prentað í tíðindum þeim, sem skýra frá aðgjörðum nefndarinnar), að leyft yrði að fresta manntalsþinga haldinu í þeim þingsókn-um, þar sem leiðir liggja yfir torfarna fjallvegi, þángað til vegir þessir verða færir í júní eða júlímánuði. Hinn áður nefndi konúnglegi úrskurður 22. marz 1843 er í öllum öðrum atriðum samhljóða því, sem nefndin hafði upp á stungið í málinu, bæði um hina almennu reglu, hve nær halda skyldi manntalsþingin, og um stöku undantekningar frá þeirri reglu í stöku sýslum, en þar er eingin slík undantekning gjörð um Norðurmúlasýslu, sem nefndin hafði stungið upp á; þar á móti er svo fyrir mælt um Suðurmúlasýslu, sem nefndin hafði ekki gjört neinar uppástungur um, að þar skuli vera sú undantekning, að manntalsþingum megi fresta þángað til í júní eða júlí, eptir því sem fjallvegir eru færir; eru þar að vísu fullar ástæður til að ákveða slíkt, en þó eingan veginn svo mjög sem í Norðurmúlasýslu, og því þykir líkindi til, að það sé orðið af yfirsjón þeirra, sem ritfært hafa konúngsúrskurðinn, að undantekning sú, sem upp á var stungið um Norðurmúlasýslu, stendur þar ekki.

Sýslumaðurinn hefir getið þess, að nauðsyn væri á slíkri undantekning í Norðurmúlasýslu, þar eð torfarnir fjallvegir liggja til nokkurra af þingsóknum sýslunnar, sem verða marg-opt ekki færir, fyrr en líður fram á sumar, þegar vor er hart.

Amtmaðurinn í norður og austuramtinu, sem hefir verið kvaddur af dómsmálastjórninni til að segja álit sitt um uppástungu sýslumannsins, hefir sagt, að slík undantekning, sem hér greinir um, sé að vísu langt um síður nauðsynleg í Suðurmúlasýslu en í Norðurmúlasýslu, en nú yrði henni varla komið á í sýslu þessari, nema með nýu lagaboði.

Það virðist vera ljóst af skjölum málsins, sem eru hjá dómsmálastjórninni, að það sé ritvilla ein, að í konúngsúrskurðinum 22. marz 1843 og opnu bréfi lögstjórnarráðsins 30. s. m.

er nefnd „Suðurmúla“ í staðinn fyrir „Norðurmúla“ sýsla, en þó virðist þar hjá, sem landslag í Suðurmúlasýslu sé svo á sig kómið, að það muni vera vel til fallið, að sú undantekning haldist, sem sýslu þessari er veitt; þess vegna hefir ekkert þókt móti því mælanda, að áþekt leyfi verði veitt handa Norðurmúlasýslu.

III.

Frumvarp

um kosningar til þings þess á Íslandi, sem heitið er í konungsbréfi 23. september 1848.

§ 1.

Í þingi því, sem heitið er í konungsbréfi 23. sept. 1848 að bera skuli undir laga-frumvarp um Íslands stöðu framvegis í fyrirkomulagi ríkisins, skulu vera 40 menn. Þar af skulu landsmenn kjósa 34, á þann hátt er síðar segir, en 6 þeirra áskiljum vér sjálfum oss að nefna.

§ 2.

Hver sýsla og Reykjavíkur kaupstaður skulu vera kjörþingi sér, og kjósa einn eða fleiri alþingismenn eptir stærð sinni og fólksfjölda. Þó skulu þærtvær deildir, sem Skaptafellssýslu er skipt í eptir tilskipuninni 8. marz 1843 §. 15, hver fyrir sig vera eitt kjörþingi, sem kys einn alþingismann.

§ 3.

Þeim 34 alþingismönnum, sem landsmenn eiga að kjósa, eptir því sem áður er sagt, skal þannig skipta niður í kjörþingin:

Austurskaptafellssýsla	kýs	1
Vesturskaptafells	— —	1
Rángárvalla	— —	2
Vestmannaeyja	— —	1
Árness	— —	3
Gullbríngusýsla og Kjósar	—	2
Reykjavíkur kaupstaður	—	1
Borgarfjarðarsýsla	—	1
Mýrasýsla og Hnappadals	—	1

Snæfellsnessýsla	kýs	2
Dala	—	1
Barðastrandar	—	2
Ísafjarðar	—	2
Stranda	—	1
Húnavatns	—	2
Skagafjarðar	—	2
Eyafjarðar	—	2
Suðurlingeyar	—	2
Norðurlingeyar	—	1
Norðurmúla	—	2
Suðurmúla	—	2

§ 4.

Alþingismenn skulu kosnir af kjörmönnum, en kjörmenn af kjósendum, sem velja þá í hverjum hrepp úr sínum flokki á þá leið, að 15 kjósendur, eða færri, kjósa einn kjörmann, 16—25 tvo, 26—35 þrjá, 36—45 fjóra, o. s. fr.

§ 5.

Kosningar-rétt skal einginn eiga, nema hann hafi þetta til að bera:

- a. að hann sé þritugur, þegar kosið er.
- b. að hann sé ekki illa ræmdur. Því má einginn kjósa, sem sekur er orðinn að lagadómi um þá sök, er vanvirðusök er eptir almennings áliti; ekki heldur neinn, sem ákærður hefir verið um slíka sök og ekki er dæmdur sýkn saka.
- c. að hann sé fjár síns fullráðandi; að honum sé ekki settur fjárhaldsmaður, og bú hans sé ekki þrotabú.
(þrotabú þýðir bæði Opbuds og Fallitbo).
- d. að hann sé ekki gríðmaður, nema hann þó sé sjálfs sín.
- e. að hann þiggi ekki af sveit, nè hafi það hið síðasta ár, nema hann hafi galdið það aptur.
- f. að hann hafi landsrétt og sé Oss þegnskyldur (þegn Vor)

§ 6.

Til að mega verða kosinn til alþingismanns eða kjörmanns þarf alla sömu kosti, sem til kosningarréttar; þó er hver fullveðja maður kjörgeingur fyrir aldurs sakir, og vel má kjósa þann til alþingis, sem utan kjörþingis býr.

§ 7.

Prestar og hreppstjórar skulu semja skrár yfir kjósendurna í hverjum hrepp, en í Reykjavík og nágrenni því, sem þar undir liggur, skal bæarstjórnin semja slíka skrá.

§ 8.

Á kjörskránum skulu nöfn kjósenda, staða þeirra og heimili, standa í dálkum, en kjósendum skal þar raða eptir boðleið.

§ 9.

Þegar skrárnar eru búnar, skal senda þær sýslumanni til rannsóknar, og skal hann tafarlaust leiðrétta það, er þurfa þykir.

§ 10.

Síðan skulu skrárnar liggja almenníngi til sýnis, í Reykjavík í þinghúsinu, en í hinum kjörmannsþingunum hjá prestunum, og skal kunnngjöra það, í Reykjavík á vanalegan hátt, en annarstaðar við kirkjustefnu, 4 vikum fyrir manntalsþing.

§ 11.

Á manntalsþingum skal kjörmenn kjósa í hverjum hrepp, og skal auglýsa það á undan í þingboðsseðlunum.

§ 12.

Sýslumenn skulu vera fyrir kosningunni, og tveir valinkunnir menn með þeim, sem þeir nefna til þess úr flokki kjósendanna í kjörþinginu. Áður en kosningin byrjar, skal sýslumaður skora á þá, sem annaðhvort haldi, að þeim sé ófyrirsynju slept í kjörskránum, eða aðrir séu þar ránglega settir, að þeir beri fram mótmæli sín, sem áður skulu vera bréflaga gjörð; tekur hann við mótmæla-bréfunum, og skal kjörstjórnin þegar skera úr, og lagfæra þar eptir kjörskrárnar.

§ 13.

Kjósendurnir ganga fyrir kjörstjórnina í þeirri röð, sem áður er um getið (§. 8), og nefnir þá hver kjósandi jafnmarga menn, og kjósa skal til kjörmanna fyrir hreppinn. Einn kjörstjórinn ritar á kjörskrárnar við nafn hvers kjósenda nöfn þeirra manna, sem hann kys. Annar af kjörstjórunum ritar á atkvæðaskrá nöfn hinna kjörnu, og við hvert þeirra nöfn þeirra

manna, sem kosið hafa. Það, sem ritað er, skal lesa upp fyrir hverjum kjósanda til sannindamerkis, og skal bera báðar skrárnar saman.

§ 14.

Þegar búið er að kjósa, skal telja atkvæðin á skránum, og rita, hver lok þar hafi orðið, í kjörbók, sem amtmaður skal til þess búa, og skulu allir kjörstjórnarnir rita þar undir nöfn sín. Kjörskrárnar skal leggja við kjörbókina.

§ 15.

Af þeim, sem feingið hafa flest atkvæði, skal nefna svo marga kjörmenn fyrir kjörþingið, sem til er tekið hér að framman. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, skal aldur þeirra ráða. Hverjum kjörmanni skal auglýsa kosningu hans í bréfi, og skulu allir kjörstjórnarnir rita undir það nöfn sín.

§ 16.

Bæarfógetinn í Reykjavík og sýslumennirnir skulu hver í sínu kjörþingi stýra kosningu alþingismannanna. Áður en kosning þessi byrjar, skulu þeir nefna til tvo menn til að stýra henni með þeim, og skulu þeir rita í kjörbækurnar.

§ 17.

Bæarfógetinn í Reykjavík og sýslumenn, sem eru fyrimenn kjörstjórnar þeirrar, sem um er getið í §. 16, skulu, svo fljótt sem unt er, eptir að manntalsþingum er lokið, stefna öllum kjörmönnum í kjörþinginu til fundar á þeim stöðum, sem ákveðnir eru af amtmönnum eptir tilskipuninni 8. marz 1843, §. 15, til að kjósa þar alþingismenn. Til þessara kosninga skal nota bækur þær, sem til alþingiskosninga hafa verið hafðar, og skulu amtmenn senda þær kjörstjórunum. Á þessum fundi skulu kjörbækur þær, sem um er getið hér á undan (§. 14). með fylgiskjölum sínum vera á þinginu.

§ 18.

Formaður kjörstjórnarinnar skal rita atgjörðabókina, en hinir kjörstjórnarnir hver í sína kjörbók, sem formaðurinn skiptir milli þeirra.

§ 19.

Kjörmennirnir ganga fram til atkvæðagreiðslu eptir þeirri röð, sem formaðurinn hefir sett og á fundinum auglýst. Hver kjörmaður kys svo marga menn, sem kjósa á alþingismenn fyrir kjörþingið. Atkvæðin skal rita í kjörbækurnar á þá leið, að í aðra sæu sett, við nafn hvers kjörmanns, nöfn þeirra manna, sem hann kys, en í hina við nöfn þeirra, sem kosnir eru, nöfn þeirra kjörmanna, sem hafa kosið þá, og skal að öllu öðru leyti fara eptir niðurlagi 13. greinar.

§ 20.

Eptir að atkvæðagreiðslunni er lokið, skal bera kjörbækurnar saman, og telja atkvæðin, og skal síðan kunnngjöra, hver endalok orðið hafa.

§ 21.

Af þeim, sem hafa feingið helmíng atkvæða, skal nefna svo marga alþingismenn, sem velja á eptir §. 3 í því kjörþingi. Ef fleiri af þeim, sem eptir því ættu að verða alþingismenn, hafa jafnmörg atkvæði, skal aldurinn ráða. Ef einginn hefir feingið helmíng atkvæðanna, eða ekki svo margir, sem kjósa átti alþingismenn, skal kjósa um aptur, til að fá þá menn, sem vantar. En ef þá ekki heldur nógu margir fá helmíng atkvæða, skal taka þá menn, sem við næstu kosning hafa feingið flest atkvæði, tvöfalt fleiri, en alþingismenn þeir eru, sem enn vantar, og kjósa millum þeirra. En síðan skal aptur, ef þess þarf, kjósa milli þeirra af þessum mönnum, sem við næstu kosning ekki hafa feingið nógu mörg atkvæði, þángað til allir alþingismenn eru kjörnir.

§ 22.

Alþingismönnum þeim, sem kosnir eru, skal birta bréflaga kosningu þeirra, og skulu allir kjörstjórnarnir rita þar undir nöfn sín; svo skulu þeir og segja það amtmanni, en amtmáður ráðherra innanríkismálanna.

§ 23.

Hver maður er skyldur til, þegar er hann verður þess vís, að hann er kosinn, að skýra frá, hvort hann skorast undan,

eða ekki. Ef hann getur ekki tekizt erindi sitt á hendur, skal kjósa um aptur, ef því verður við komið, og skal þá fara með alt, sem áður er sagt.

En vèr væntum þess, að þeir menn, sem fyrir traust landa sinna verða kosnir til alþingis, muni ekki skorast undan því, nema brýn nauðsyn beri til.

§. 24.

Þá er vèr stefnum mönnum þeim, er kjörnir verða eptir þessum kosningarlögum, til fundar í Reykjavík, munum vèr í því bræfi til taka nákvæmlega, hve nær fundurinn skuli vera.

§. 25.

Alþingismenn fá fæðispeninga, 2 rbd. hvern dag, meðan þeir eru á þingi. Fyrir ferðina til alþingis og frá alþingi fá þeir, sem nú segir:

Alþingismennirnir	úr Suðurmúlasýslu, hvor	96 rbd.
———	úr Norðurmúlasýslu, —	88 —
Alþingismaðurinn	úr Austurskaptafellssýslu,	72 —
———	úr Vesturskaptafellssýslu,	48 —
———	úr Vestmanneyjasýslu,	48 —
Alþingismennirnir	úr Rángárvallasýslu, hvor	24 —
———	úr Árnessýslu, hver	16 —
———	úr Gullbringu og Kjósarsýslu, hvor	8 —
Alþingismaðurinn	úr Borgarfjarðarsýslu,	24 —
———	úr Mýra og Hnappadalssýslu,	32 —
Alþingismennirnir	úr Snæfellsnessýslu, hvor	40 —
Alþingismaðurinn	úr Dalasýslu,	40 —
Alþingismennirnir	úr Bárðastrandarsýslu, hvor	56 —
———	úr Ísafjarðarsýslu, hvor	72 —
Alþingismaðurinn	úr Strandasýslu,	40 —
Alþingismennirnir	úr Húnavatnssýslu, hvor	40 —
———	úr Skagafjarðarsýslu, hvor	40 —
———	úr Eyafjarðarsýslu, hvor	48 —
———	úr Suðurþingeyarsýslu, hvor	56 —
Alþingismaðurinn	úr Norðurþingeyarsýslu,	64 —

Þessa borgun skal reikna hverjum alþingismanni frá þeirri sýslu, sem hann býr í. En ef hann er erlendis, skal reikna það frá þeirri sýslu, sem hefir kosið hann.

Ástæður

til laga-frumvarps um kosningar til þings þess á Íslandi,
sem heitið er í konungsbræfi 23. september 1848.

Til 1. greinar.

Sökum þess að málefni það, sem þinginu er ætlað að rannsaka, er svo áriðanda, hefir þókt nauðsyn á að fjölga alþingismönnum, úr því sem nú er, og er tala þeirra aukin til 40, en það er samkvæmt því, er alþingi þótti hæfilegt vera.

Til 2. greinar.

Þó það hefði reyndar haft nokkra kosti í för með sér, að skipta landinu í jafnmörg kjördæmi, og alþingismenn eru, þeir er þjóðin skal kjósa, hefir samt verið ráðið af að láta þá kjörþingaskipun haldast, sem nú er, svo að hver sýsla sé kjörþing sér, og Reykjavíkur kaupstaður sömuleiðis; en fullkomin nauðsyn þótti samt, að breyta út af reglu þessari í einu héraði. Vegna hinnar fjarskalegu víðáttu á Skaptafellssýslu var ákveðið í 15. grein alþingistilskipunarinnar, að skipta skyldi sýslu þessari í tvær kjördeildir, og skyldi kjörstjórnarmenn beggja deilda eiga síðan fund með sér, til að skera úr, hvernig atkvæði hefði fallið, þar eð öll sýslan átti þá að kjósa einungis einn alþingismann. En nú aptur á móti, þar eð sýsla þessi á að kjósa tvo alþingismenn, virðist það að vera ekki einungis hagkvæmast, að hvor deild sýslunnar verði kjörþing sér, og kjósi hvor sér einn þingmann, heldur verður þetta og öldungis nauðsynlegt, þar eð kosninga tíminn verður í þetta sinn svo naumur, að kjörstjórnarmönnum yrði ómögulegt að eiga fund með sér í tíma, til að leiða kosninguna til lykta.

Til 3. greinar.

Þegar það er gjört að grundvallarreglu, að hver sýsla eða hvert lögsagnarumdæmi skuli vera kjörþing sér, þá leiðir þar af, að ekki getur allstaðar orðið jöfn tiltala milli fólks fjölda og þingmanna tölunnar, heldur verða þar á meiri eður minni misjöfnur í kjörþingum. En þó verða misjöfnur þessar miklu minni, eptir því sem fulltrúum er nú skipt niður á kjörþingin hér í greininni, heldur en þær voru áður eptir alþingistil-

skipuninni frá 1843, þegar hvert kjörþing mátti að eins kjósa einn þingmann, hvort sem það var stórt eða lítið.

Gjöri menn ráð fyrir, að fólkstala á Íslandi sé hér um bil 58,000, og landinu væri skipt í 34 jafnfjölmenn kjörþing, þá yrði hér um bil 1,700 manns í hverju kjörþingi. Eptir kjörþingaskipun í frumvarpinu verður tiltalan á þessa leið:

sýsla.	fólksfjöldi.	alþingis- menn.	fólksfjöldi að tiltölu við einn alþing- ismann.
Skaptafells	3,262	2	1,631
Rángárvalla	4,776	2	2,388
Vestmannaeyja	396	1	396
Árness	5,159	3	1,720
Gullbringu	4,644	2	2,322
Reykjavík	961	1	961
Borgarfjarðar	2,166	1	2,166
Mýra	2,360	1	2,360
Snæfellsness	2,818	2	1,409
Dala	1,872	1	1,872
Barðastrandar	2,494	2	1,247
Ísafjarðar	4,110	2	2,055
Stranda	1,302	1	1,302
Húnavatns	4,000	2	2,000
Skagafjarðar	3,997	2	1,998
Eyafjarðar	4,018	2	2,014
Suðurþingeyar	3,130	2	1,565
Norðurþingeyar	1,204	1	1,204
Norðurmúla	2,999	2	1,500
Suðurmúla	2,880	2	1,440

Til 4. greinar.

Þó því verði eingan veginn neitað, að mikilvægir kostir fylgi hinum einföldu kosningum, þar sem þeim verður komið við, hefir mönnum samt þókt öflugri ástæður mæla með, að kosningar yrði að vera tvöfaldar á Íslandi. Því fyrst er það, að ályktanir alþingis verða feldar í einni samkundu, óeildri, þar næst hefir ekki þókt ráð að binda kosningarrétt né kjörgeingi við nokkurt ákveðið eignarhald; en þá verður nauðsyn á, að ná með öðrum ráðum því sem aptrar ofbráðum hreifingum, og þar hjá má álita, að hin tvöfalda kosningar aðferð sé

þjóðlegri á því landi, þar sem fólk býr strjált í viðlendum héraðum, eins og á Íslandi er. Ef kjósendur ættu að koma þar saman til eins kosningarþings í hverju kjördæmi, mundi öllum þorra kjósenda með því móti vera bægt frá að kjósa fulltrúa sína. Þar yrði þá að gefa atkvæði skriflega í smádeildum (sveitum). En þegar kjósendur gætu ekki á þenna hátt orðið samhentir, þá mundu atkvæðin dreifast öldungis að gagnslausu, þvert á móti tilgáangi kosninganna, og þar af leiddi, að annaðhvort yrði alþingismenn kosnir með fáeinum atkvæðum, eða að opt þyrfti að kjósa upp aptur. Af þessum ástæðum, og þar eð meiri hluti alþingismanna hefir mælt fram með tvöföldum kosningum á Íslandi, hefir ekki verið vílað fyrir sér að stínga upp á þessari kosningar aðferð, þó að kosningar til fólksþingsins í Danmörku sé beinlínis lagðar í hendur kosningarmönnum.

Það þókti réttast, að ákveða þá tiltölu milli kosningarmanna og kjörmanna, að þar væri 10 móti 1, þó svo, að 16 kosningarmenn kjósi 2, 26 kjósi 3, o. s. frv., og að hver hreppur náí að hafa einn kjörmann, hvernig sem á stendur.

Til 5. greinar.

Vegna þess að kosningarrétturinn er látinn laus við alt ákveðið eignarhald, og einungis bundinn við það, sem ákveðið er að menn skuli hafa sjálfir til að bera, þókti nauðsyn á að heimta það þar á meðal, að hver kjósandi skuli vera fullroskinn að aldri, svo að hann sé að minnsta kosti 30 ára gamall, eins og ákveðið er í Danmörku.

Til 6. greinar.

Eptir tilskipun 8. marz 1843, 13. grein var kjörgeingi bundin við amt það, sem kosningin fór fram í, á þann hátt að sá, sem átti að geta orðið kosinn, varð að eiga innan amts svo mikla eign, sem veitti honum kjörgeingi, en ekki þurfti hinu kosni að hafa heimili í því amti, sem hann var kosinn úr. En eins og nú er slept þeim skilmála kjörgeinginnar, sem áður var bundinn við eignarhald, eins hefir það og þókt réttast, að binda ekki kjörgeingina við heimili innan kjörþingis.

Til 7—10. greinar.

Með þeim hætti, sem fyrir er mælt í þessum greinum, hefir þókt hentugast að haga fyrirkomulaginu á því, hversu

semja skyldi og auglýsa kjörskrárnar, hefir þar einkum verið miðað til að gjöra alt sem einfaldast og forðast tíma töl. Sama er að segja um það, sem hér er fyrir mælt um leiðrétting kjörskráanna (sbr. 12. gr). Þess má geta hér, að hentast hefir þókt að senda skrárnar fyrst sýslumönnum til rannsóknar, því embættismenn þessir eru eigi að eins sjálfir nákunnugir öllum búandi mönnum í sýslunni, hafi þeir ekki verið mjög skamman tíma þar í héraðinu, heldur hafa þeir einnig skýrteini þau undir höndum, s. s. manntalssskrár, hreppareikninga o. fl., að þeir geta tekið eptir á augabragði, hvort nokkur villa eða ónákvæmni hafi læðzt inn í kjörskrárnar, og látid jafnskjótt leiðrétta slíkt. En rannsókn þessi verður nauðsynleg, því ekki verður gjört ráð fyrir því, að allar kosningarskrár frá prestum og hreppstjórum verði allstaðar svo réttar, að sýslumenn geti ekki fundid þar neitt, sem leiðréttingar þurfi, og á hinu bóginn geta menn ekki vænt nema mjög fárra leiðréttinga eptir tilsógn annara út í frá, þar eð mjög sjaldan þarf að vænta mótmæla af þeirra hálfu. Þegar þessi aðferð er höfð, verður kjörstjórninni einnig mögulegt að skera úr efamálum þeim, sem til úrskurðar koma, þegar á manntalsþingunum.

Til 11—15. greinar.

Í þessum greinum er sagt fyrir, hversu kosningar kjörmanna skuli fram fara, og hefir nú í þetta sinn verið valið, að láta heldur kosningar þessar fara fram á manntalsþingum, en að stefna til þinga til þess sèr í lagi.

Til 16—22. greinar.

Þegar á að segja fyrir um fyrirkomulag á alþingiskosningum, koma einkum fram tvö atriði til ihugunar. Það mætti virðast ísjárvert í ýmsu tilliti, að gjöra sýslumenn að kjörstjórum, þar eð ekki hefir þókt hlýða að neita þeim um kjörgeingi í því kjörþingi, er þeir veita forstöðu, af því það mundi ugglaust vera óheppilegt, ef alþing yrði með öllu að vera án þeirra manna, sem hafa þá þekkingu á stjórnar meðferð allri, er gjöra má ráð fyrir að þessir menn hafi til að bera, og mundi þó þetta efalaust leiða af slíkri ákvörðun. Samt sem áður hefir mönnum þókt, að þetta væri ekki eins mikils metanda eins og hitt, hversu gagnlegt það er, að menn eigi vísa þá

menn í kjörstjórnina, sem eru mentaðir lagamenn og leiknir í störfum. Enn fremur hefir það þókt áhorfsmál, hvort veita ætti kjörmönnum nokkra þóknun fyrir ferð þeirra til kjörfundar, og þá jafnframt skuldbinda þá til að koma til fundarins undir viðlagðar sektir: en það hefir samt þókt réttast, að setja einga ákvörðun um það í frumvarpið.

Til 25. greinar.

Hér er litið fyrst til þess atriðis, sem mjög er áriðanda, að starf alþingismannsins má ekki vera honum til ábata, þar næst er gætt kostnaðar þess, sem landinu mundi aukast, ef þingmönnum væri fjölgað og fæðispeningarnir ekki lækkaðir; fyrir þessa sök hefir þókt réttast, að fæðispeningar alþingismanna verði ákveðnir til 2 dala daglega, og þar hjá hefir þókt eiga bezt við, að ferðakostnaður til og frá alþingi verði fast ákveðinn, eptir leingd veganna og ásigkomulagi.

Konunglegt álitasmál,

um að sameina Borgarfjarðar og Mýra sýslur.

Þegar Mýra og Hnappadals sýsla í vesturamtinu á Íslandi var orðin laus, árið 1847, kom til rentukammersins, sem þá var, uppástunga frá stiptamtmani, um að skilja þessar tvær sýslur að á þann hátt, að Hnappadalssýsla verði lögð saman við Snæfellsnessýslu í vesturamtinu, en Mýrasýsla við Borgarfjarðarsýslu í suðuramtinu.

Áður en stiptamtmaðurinn kom fram með uppástungu sína, hafði hann útvegað álitsskjöl, málinu til skýringar, bæði frá sýslumanninum, sem þá var í Snæfellsnessýslu, og frá sýslumanninum, sem var í Borgarfjarðarsýslu, en hann stýrði jafnframt um það leyti amtmannsstörfum í vesturamtinu. Hinn fyrrnefndi sýslumaður sagði álit sitt á þá leið, að honum virtist æskilegt í fleiru en einu tilliti, að Hnappadalssýsla yrði lögð saman við Snæfellsnessýslu. Sýsla þessi er bæði mjög víðlend og ill yfirferðar, en tekjurnar mjög litlar, einkum hinar vissu; sýslan þarfnast þess vegna harla mjög nokkurrar viðbótar, og sú viðbót feingist, ef bætt yrði Hnappadalssýslu við, án þess embættið yrði talsvert ördugra fyrir það, þar eð sýsla þessi er lítil. Eptir landslaginu væri breyting þessi einkar hagkvæm, því Hnappadalssýsla liggur tveim megin að Snæfellsnessýslu, en á þriðju hliðina að Faxaflóa. Ef sýslurnar yrði lagðar saman yrði úr þeim haglega takmarkað lög-sagnar-umdæmi, sem næði yfir alt nesið milli Hvammsfjarðar og Faxaflóa. Hann kvað því hvorki sig, nè neinn þann, sem kynni að fá Snæfellsnessýslu síðan, geta mælt neitt á móti sameiðingunni, eða móti því, að gjalda að tiltölu af því, sem ákveðið væri að gjalda eptir Mýra og Hnappadals sýslu.

Hinn sýslumaðurinn, sem var settur amtmáður, sagði enn framar í álitsskjali sínu, að þó Hnappadalssýsla yrði lögð til Snæfellsnessýslu, gæti það ekki aukið störf sýslumannsins að neinu ráði, því síður svo, að þau yrði ókljúfandi; því þó Snæ-

fellsnessýsla sé reyndar allviðlend, og sýslumaður þurfi við og við að koma í veiðistöður og kaupstaði, þá sé aptur optastnær mesti friður meðal manna í Hnappadalssýslu, svo að hann mundi mjög sjaldan þurfa að gjöra sér ferð þangað, nema til að halda manntalsþíngin; þar að auki liggur Snæfellsnessýsla að sýslu þessari á tvær hliðar, eins og áður er sagt, svo að þegar maður þarf að ferðast af Skógarströnd (þeim hluta sýslunnar, sem liggur næst Dalasýslu) yfir Rauðamelsheiði til Staðastaðarsveitar í Snæfellsnessýslu, þá kemur maður fyrst ofan af heiðinni í Hnappadalssýslu, og verður svo að fara yfir mikinn hluta hennar, til að komast í Staðastaðarsveit.

Sýslumennirnir í Snæfellsnessýslu gæti þar að auki, þegar tekjur þeirra yxi, varið meiru af tíma sínum til embættisstarfa sinna, því nú verða þeir að hafa mikinn búskap til að geta haldizt við, þar eð tekjurnar eru mjög litlar vegna örþingdar þeirrar, sem þar er víðast hvar, hafa því sýslumenn verið þar flestir fátækir og orðið að sækja þaðan. En eins og sameining þessi mundi verða til hagræðis sýslumönnum, eins mundi hún einnig að öllum líkindum verða til mikils hagnaðar fyrir innbúa í báðum sýslunum.

Á fyrri tímum voru Snæfellsnes og Hnappadalssýsla báðar saman sudurlutinn af hinu svonefnda Þórnessþingi, og enn eru þær báðar saman eitt prófastsdæmi. Af þessu leiðir, eins og edlilegt er, að hið nánasta samband er í mörgum greinum milli innbúanna í báðum sýslunum, og í mörgum efnum eru hagsmunir þeirra hvorutveggju mjög samfara. Þannig eiga báðar sýslur saman verzlunarstaði sína í kaupstöðum í Snæfellsnessýslu, en innbúar í Mýrasýslu hafa aptur verzlun sína á suðurlandi. Hnappadalssýslubúar kaupa af Snæfellingum allan fisk, þann sem þeir þurfa til búa sinna, nokkrir hafa þar og vinnumenn sína til róðra á vetrum; margir þurraþúðarmenn úr Snæfellsnessýslu eru vanir að taka sér vinnu um sláttinn á sumrum hjá bændum í Hnappadalssýslu, og á haustin kaupa þeir hjá þeim sláturfé og ýmislegt annað af landvöru, sem þeir geta ekki án verið. Ef sýslurnar yrðu lagðar saman, svo sambandið milli innbúanna yrði enn nánara, mundi það að vísu verða þeim til hagnaðar, meðal annars vegna þess, að allar samgaungur milli þeirra yrði við það auðveldari, þar eð hægra yrði eptir það að leggja niður fyrir sér reglu-

lega, hvernig bæta skyldi vegi þá, sem nú eru í báðum sýslunum, og búa til nýja, ef til vill, heldur en getur orðið, meðan sinn sýslumaður er í hverri.

Eina mótbáran, sem hinn setti amtmaður ætlaði að koma mætti með móti sameiningu sýslanna, kynni að vera sú, að sýslumannsembættið í Mýrasýslu yrði fyrir þá sök alt of litið, en þessi mótbára hverfur, þegar Mýrasýsla er lögð til Borgarfjarðarsýslu, sem hann álitur einnig mjög vel til fallið.

Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla eru í eins nánu sambandi hvor við aðra af náttúrunni, eins og Hnappadalssýsla og Snæfellsnessýsla, og eru báðar saman eitt hérað, þ. e. Borgarfjörður, beggja megin Hvitár; þær voru og á eldri tímum eitt lögsagnarumdæmi, hið svo nefnda Þverárþing. Það virðist og óeðlilegt, að skipta héraði þessu í tvær sýslur um Hvitá, og því heldur sem sín sýslan er lögð til hvers amts. Slíkur aðskilnaður virðist hljóta að valda drætti í rekstri og úrskurðum ýmsra mála, sem eru annaðhvort alþýðleg eða sveitamálefni, og hindra samband innbúanna í báðum þessum sýslum sín á milli, sem eiga annars svo margt saman að sælda, og hafa sömu hagsmuni í mörgum eignum.

Sameiningin væri þar hjá til hagnadar fyrir sýslumanninn í Borgarfjarðarsýslu, því þegar tekjur hans yxi, yrði hann fær um að stunda betur embætti sitt, því hann þyrfti þá ekki að stunda aðra atvinnu sér til styrktar, en þó sýslan yrði ein, yrði hún samt ekki svo víðlend, sem margar aðrar sýslur.

Ef menn kynni að leita sér ástæðu móti sameiningunni á Mýra og Hnappadalssýslu í 2. grein alþingistilskipunarinnar, að umdæmi þetta yrði þá ekki leingur kjörþing sér: þá er þar til að svara, að þenna rétt geta menn álitid að sýslurnar eigi einungis, á meðan þær eru lögsagnarumdæmi sér, án þess þeim sé veitt með því nokkurt loforð um, að þær skuli ávalt eptirleidis vera eitt lögsagnarumdæmi, enda mundi slíkt loforð koma þeim að litlu haldi; en að öðru leyti getur líklega ekkert verið því til fyrirstöðu, þó sýslur þessar eigi ekki allskostar saman, að þær væri í kjörþingi saman, eins og áður, ef það kynni að þykja hagkvæmara.

Hvað nú loksins því við vikur, að hve miklu leyti sameining Mýrasýslu við Borgarfjarðarsýslu eigi að snerta við amtskipun þeirri, sem nú er, þá mælti hinn setti amtmaður með því, að sýslan yrði ekki látin vera í tveimur ömtum, eptir

það sameiningin væri komin á, því þá yrði langtum örðugra að koma á nokkrum sameiginlegum ráðstöfunum til sameiginlegra hagsmuna, enda gæti þar og risið af ýmsir vafningar í stjórnarathöfninni.

Þegar nú ætti að leggja sýsluna til eins amts eptir sameininguna, þá var það hans álit, að hana ætti að leggja til suðuramtsins. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla eru teingdar við suðuramtíð í öllum sínum hagsmunum: í Reykjavík og Hafnarfirði hafa þær alla verzlun sína; í veiðistöðum á suðurlandi kaupa þær allan fisk, þann er þarf til búanna; sumir hafa þar vinnumenn sína til útróðra á veturnum, og á hinn bóginn taka nokkrir af suðurlandi sér vinnu um sláttinn hjá bændum í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, og kaupa hjá þeim flesta landvöru, sem þeir þurfa með. Alt það, sem getur eftir þetta samband og gjört samgaungurnar auðveldari, verður þess vegna til hagnaðar fyrir sýslur þessar. Þar að auki ættu Mýrasýslubúar hægra að sækja til amtmannsins, þegar þannig væri hagad, einkum þegar amtmaðurinn í vesturamtinu byggi á hagkvæmari stað fyrir amt sitt, en nú.

Fyrir því, að leggja sýslu þessa til vesturamtsins eptir sameininguna, mætti finna þá ástæðu úr sögu landsins, að Þverárþing var í vestfirðingafjórðungi, meðan Þjóðstjórnin stóð. En þetta var byggt á stjórnlegum ástæðum, og einkum á hinum alþýðlega jöfnuði, sem skyldi vera meðal fjórðunganna, svo allir hefði jöfn réttindi á alþingi, en þetta á ekkert skylt við amtaskipun þá, sem nú er.

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafði þann formála fyrir uppástungu síni, sem bygð var á álitsskjölum þessum, að á Íslandi væri miklu meiri kraptar teknir í þjónustu landstjórnarinnar, heldur en svaraði nokkrum jöfnuði við efnahag landsins eða störf þau, sem embættin heimta, væri það því mjög æskilegt, að embættismenu bæði í andlegri og veraldlegri stétt væri töluvert færri, og hver þeirra hefði meiri laun. Af því, að hafa sýslurnar smáar, leiðir það, að sýslumenn skipta oft um embætti, og það hlýtur að vera skaðvænlegt. Það virðist þess vegna að vera gagnlegt á margan hátt í sjálfu sér, að fækka sýslumannsembættum, þar sem því verður komið við. Eptir því sem nú á stendur í þessu máli virðist landslaginu að háttá svo til, að Huappadalssýslu verði með hægara móti stjórnað af sýslumanninum í Snæfellsnessýslu, og Mýrasýslu

af sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu, en Mýra og Hnappadalssýslu saman hefir verið stjórnað hingað til, enda yrði sýslurnar, sem þá kæmi upp, ekki fjölmennari, en flestar sýslur eru áður í suðuramtinu. Að öðru leyti skýrskotar stiptamtmaður yfir höfuð að tala til skýrslna þeirra, sem áður eru til færðar, og vottar, að þær sè réttar eptir þeirri vitneskju, sem hann hafi haft færi á að útvega sèr.

Stiptamtmaðurinn hefir því næst drepíð á, hvort sameining Mýrasýslu við Borgarfjarðarsýslu ætti einnig að leiða það með sèr, að öll sýslan yrði lögð síðan til suðuramtsins, og kveðst hann einkum hafa fundið ástæðu til að fjölyrða um þetta efni fyrir þá sök, að til alþingis þess, er seinast var haldið, kom bænarskrá um, að tekin yrði af sú skipting landsins í þrjú ömt, sem nú stendur. Stiptamtmaðurinn heldur, að nokkrum annmörkum amtaskipunarinnar yrði af létt með þessari breytingu, sem upp á er stúngið, svo að samgaungur milli amtanna yrði auðveldari, og töluverður hagnaður risi af fyrir verzlun kaupstaðarins í Reykjavík. Um hið fyrra atríði er það tekið fram, að yfir sýslu þessa liggur ei að eins vegurinn úr suðuramtinu til vesturamtsins, heldur og einnig báðir aðalvegirnir til norðuramtsins, vetrarvegurinn yfir Holtavörðuhéiði og sumarvegurinn yfir Kalmannstúngu; Það er því í augum uppi, að hægra yrði fyrir tvö ömt, en þrjú, að koma sèr saman um ráðstafanir til að auka samgaungur og bæta póstgaungur, og það því heldur, sem samgaungur þessar miða ekki til neinnua hagsmuna fyrir vesturamtíð, þar eð Mýrasýsla er hart nær sem fráskilin rönd af því.

Mýrasýsla er mikilsverð fyrir verzlun Reykjavíkur, vegna þess að þar er landbúnaður mest til atvinnu. Eptir álitu stiptamannsins er því eiugan veginn svo varið, að í fiskiveiðum og fiskiverzlun sè fólgið aðalmegin Íslands. Það er einmitt fólgið í landyrkjunni, og aflinn af landinu er nú þegar meira virði, en fiskiveiðarnar, þó litið sè einungis til þess, sem frá landinu er flutt. Til þess að koma öflugum fæti undir verzlunina í Reykjavík, er það þess vegna fyrst og fremst áriðandi, að efla sem mest að verða má verzlunina með landvöru, og þetta verður einkum með því, að koma nánari sambandi á milli Reykjavíkur og þeirra héraða, sem hafa mikið af landvöru til sölu, en í þeirra tölu er Mýrasýsla, sem hefir nú þegar mikil

viðskipti við kaupstaðinn, hvorutveggjum eflaust til æskilegs hagnaðar.

Þar ed amtmaðurinn, sem þá var yfir vesturamtinu, var um þetta bil í Kaupmannahöfn, þókti hinu fyrrverandi rentukammeri tilhlýðilegt, að honum gæfist færi á að segja álit sitt um málið. Embættismaður þessi var yfir höfuð að tala mótfallinn breytingu þeirri, sem upp á var stúngið, og voru þessi aðalatriðin í ástæðum þeim, sem hann færði til sins máls.

Það mega menn reyndar viðurkenna, að Borgarfjarðarsýsla er ekki mjög inntektamikil, því þar eru 9 þingsóknir og 2200 innbúa; það er og líklegt, að þó Mýrasýsla væri lögð þar saman við, með 7 þingsóknum og 1750 innbúa, þá mundi það embætti ekki verða of vaxið röskum manni og ötulum. En þó munu að líkindum ávalt verða menn til að sækja um Borgarfjarðarsýslu, svo leingi sem nokkur hæfileg sýslumannaefni eru til, bæði vegna þess að embættið er hægt, og vegna þess sýslan liggur nálægt Reykjavík, og hefir stöðuglega viðskipti við bæinn, sem er í mörgu þægilegt. Hvítá, sem er mikil á og hefir leingi verið takmark milli sýslanna, mun gjöra erfðari ferðir til sýslumannsins fyrir innbúa annarar sýslunnar, í hvorri þeirra sem hann tæki sér bústað, og það jafnvel þó honum væri skipað að búa í Andakílshrepp. Hvar sem sýslumaðurinn settist að í sýslunum, þegar búið væri að sameina þær, ætlar amtmaður, að kvartanir og kur mundi rísa upp meðal alþýðu í þeirri sýslunni, sem sýslumaður hefði ekki bústað í.

Hvað því viðvíkur að leggja saman Hnappadalssýslu við Snæfellsnessýslu, þá væri það að visu vel farið, ef sýslumaðurinn gæti feingið meiri tekjur, því laun hans eru litil, eptir því hvað embættið er örðugt, og það jafnvel þó Arnarstapaumbod fylgi með; en tekjur hans aukast ekki talsvert þó Hnappadalssýslu verði bætt við, því þar eru að eins 3 þinghár og 570 innbúa, og eru þó tvær af þeim fátækar, og í hinni þriðju eru að eins 14 smájarðir. En þar á ofan ætlar amtmaður það vera að öllu ókljúfanda fyrir sýslumann þenna, að takast meiri embættisstörf á hendur, á meðan hann hefir Arnarstapaumbod að auki; Hnappadalssýslubúar fá leingri og örðugri leið til sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, en þeir hafa nú eða gæti átt von á að fá til sýslumannsins í Mýrasýslu, því sýslumaður Snæfellinga verður að hafa aðsetur sitt nálægt

þeim þremur kaupstöðum í sýslunni, þar eð hann hefir þar opt embættisstörfum að gegna.

Þegar nú þar næst ætti að leggja Mýrasýslu til suðuramtsins, þá yrði með því móti höggvið mikið skarð í vesturamtið, bæði að því leyti, að það misti á þann hátt það eina embættið, sem er sæmilega gott í öllu amtinu, og líka að því leyti, að fjölmennasta og auðugasta sýslan mistist þaðan, og þar með tillög hennar til jafnadsrjós amtsins, sem ætlaður er til hjálpar, þegar hastarlegt tjón ber að höndum. Það er því álit amtmannsins, að vesturamtið verði að halda sínum fornu takmörkum, ef það eigi annars að standa.

Amtmaðurinn hefir enn framar getið þess, að það muni ekki vera fært að bæta öll sýslumannsembætti, og líklegt sé, að ekki muni vanta hæfileg sýslumannaefni í allar sýslur, þegar fram líða tímar, einkum þegar húið er að auka hjm lærða skóla í Reykjavík.

Þar sem þess er getið, að nauðsyn sé á að teingja Mýrasýslu betur til Reykjavíkur vegna ullarverzlunarinnar, þá hefir amtmaðurinn tekið það fram, að verzlunin hafi sjálfkrafa tekið þágang stefnu, svo ekki þurfi neinar frekari ráðstafanir til að koma því á leið; hann hefir þar hjá leiðrétt það, sem sagt er, að Mýrasýslubúar sæki fisk sinn á suðurland, og segir, að þeir sæki mikið af honum í Snæfellsnessýslu. Að lyktum segir amtmaður, að hversu sem mál þetta sé vaxið, þá ætti að leita um það ráðaneytis alþingis, áður en lagður sé á það úrskurður.

Á þetta seinasta atriði féllst einnig rentukammerið, og þegar dómsmálastjórnin var kvödd álits, var hún einnig samdóma bæði í þessu atriði og um það álit rentukammersins, að breyting þessi ætti ekki að verða, hvernig sem færi, fyrr en næstu sýslumannaskipti verða, því það þókti ógjörningur, að láta Mýra og Hnappadalssýslur standa óveittar, jafnvel heilum árum saman, þágang til útkljáð væri um þetta mál. Þó sá rentukammerið um, eptir uppáslætti dómsmálastjórnarinnar, að sýslumanni þeim, sem settur var í Mýra og Hnappadalssýslum með konúnglegum úrskurði 1. júní f. á., var lagt fyrir, að hann yrði að þola allar þær breytingar á umdæminu, sem nauðsynlegar kynni þykja, þegar tímar líða.

Kostirnir við sameining þessa, sem upp á er stungið, svo sem áður er á vikið, þykir innanríkis - stjórninni vera þeir, að

sýsluskípanin verður betur samsvarandi landslagi og landsháttum, og betri stjórn embættanna ávinnst án kostnaðarauka.

Mótbára sú, að sýslumanninum í Snæfellsnessýslu verði örðugra fyrir, ef Hnappadalssýslu væri bætt við, er byggð á því, sem stjórnin ætlar ekki rétt vera, að sýslumaðurinn eigi að hafa aðsetur sitt millum Grundarfjarðar og Ólafsvíkur, eins og hinn seinasti sýslumaður hafði. Þegar hann tekur sér bústað í Stykkishólmi, eða þar í grend, sem virðist vera lánghagkvæmast, á hann alls ekki neinn örðugan veg til Hnappadalssýslu, því hann verður enda að fara yfir hana til að komast í suðvesturhluta Snæfellsnessýslu. Það hefir einnig þókt öldungis nauðsynlegt, af ástæðum, sem ekki koma þessu máli við, og samkvæmt uppástúngu hlutaðeiganda amtmanns, að taka aptur Arnarstapa-umboð frá sýslumannsembættinu, en þá yrði tekjurnar af sýslunni alt of litlar, nema þar fylgdi sú viðbót, sem kæmi frá Hnappadalssýslu.

Þó lagðar væri saman Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla, mundi sú sýsla að vísu ekki verða meðal hinna örðugari að viðáttu eða vegaleingd; og sér í lagi getur ekki Hvítá staðið sameiningu sýslanna mjög í vegi, þar eð á henni eru tvær ferjur, og hún sjálf ekki eins mikil og margar þær ár, er falla í gegnum aðrar sýslur, sem ekki eru kallaðar örðugar fyrir þá sök. Hitt kynni að virðast meira í varið, og er það þó ekki beinlínis tekið fram í álitsskjölunum, að í sýslunni yrði 16 þinghár, þar sem í flestum öðrum sýslum eru að eins 10—14. En þar eð vegir milli þingháanna eru ekki örðugir, og þær smáar, enda einnig kostur á að breyta þeim lítið eitt, verður ekki álitíð, að þetta sé uppástúngunni til fyristöðu.

Þar sem þess er getið, að jafnaðarsjóður vesturamtsins misti í, ef Mýrasýsla yrði lögð til suðuramtsins, þá er þar til að svara, að eptir því yrði að laga jöfnuðinn milli þess, sem jafnaðarsjóðirnir eiga að gjalda til ýmislegs kostnaðar, eptir því sem tala rennur til. En sú ástæða er samt móti uppástúngunni, að ef henni yrði framgeingt, yrði vesturamtíð of mjög skert í samanburði við hin ömtin.

Þar eð málið er þannig álitíð vafasamt, og stjórnin hefir áður leitað ráðaneytis alþingis um breytingar á lögsagnar-umdæmum, hefir stjórnin óskað álits þingsins um þetta mál, þar eð menn eru þar nákunnugir, hversu á stendur í hærudum á Íslandi.

Konunglegt álitismál,

um sameiningu Norður- og Suður-Þíngeyarsýslu.

Þegar Þíngeyarsýsla var orðin laus, árið 1840, bar amtmaðurinn, sem þá var í norðausturamtinu, upp við hið fyrrveranda rentukammer, að sýsla þessari yrði skipt í tvær sýslur.

Amtmaðurinn færði það til síns máls, að sýsla þessi væri ein hin örðugasta á öllu Íslandi, og jafnvel örðugri en Skaptafellssýsla öll saman, því þar sè vegir allgreiðfarnir á vetrardag, þegar ís liggur á vötnum, svo sem hann hefði sjálfur komizt að raun um á einni embættisferð. En Þíngeyarsýsla er fyrst mjög viðlend, hvort sem mælt er frá norðasta nesi á Sléttu og suður að Mývatni, eða suður í syðstu hreppa vestast í sýslunni, eða og frá austnordri til suðvesturs, frá Sauðanesi á Lánganesi og í Eyafjörð; þar næst eru þar vegir torfarnir, því Reykjaheiði, sem er alllangur fjallvegur, skilur á milli Kelduneshrepps og Reykjadal, og annar fjallvegur hér um bil eins langur, sem heitir Hólaheiði, liggur úr Svalbarðshrepp og yfir í Presthólahrepp og Kelduneshrepp, svo ef sýslumaður býr í Garði í Reykjadal, eins og sýslumaður bjó þá, og hann á að gegna embættisstörfum í Svalbarðshrepp eða Sauðaneshrepp, þá verður hann að fara yfir báða þessa fjallvegi, sem er hvor um sig fullkominn áfangi á sumardag, og þó ætti Garður að vera hentugast sýslumannssetur í Norðursýslu, að amtmannsins álit, því byggi hann norðan Reykjaheidar, þá er hún á vegi hans til fjölmennustu hreppa í sýslunni, þar sem hann hefir mestum störfum að gegna. Þar á ofan er Norðursýsla sá hluti Íslands, þar sem mest fannfergi kemur á vetrardag, svo þar er þá stundum ekki fært að komast áfram nema á skíðum, einkum á þessum heiðum, sem getið var, því snjór þiðnar þar ekki, fyrr en seint á vorin. Það var því álit amtmannsins, að sýslan yrði ekki rekin af einum manni, nema hann væri á bezta aldri; að innbúar í austnordurhluta sýslunnar ætti alt of örðugt til sýslumanns, og enda að þessi ein-

búð þeirra og það, að þeir hitta næstum aldrei aðra mentaða menn en presta sína, sè að nokkru leyti orsök til að mönnum búnast svo illa í þessum hluta sýslunnar, einkum í Presthóla, Svalbarðs og Sauðaness hreppum.

Eptir áliti amtmannsins virtist þess vegna alt mæla fram með, að Norðursýslu væri skipt, svo að í öðrum hlutanum væri þeir hreppar, sem liggja norðan og austan Reykjaheiðar, þ. e. Kælduneshreppur, Skírnastadahr., Presthólahr., Svalbarðshr., og Sauðaneshreppur, og þar með þókti rétt að sameina Austurhrepp úr Norðurmúlasýslu. Amtmaður hélt þar að auki, eptir því sem hann ræð af samræðum við þann, sem þá var settur sýslumaður, að sýslur þær tvær, sem kæmi upp úr Norðursýslu, gæti hvor um sig nægt til uppheldis einum sýslumanni, því tekjurnar af austnordurhlutanum mundi að ágizkun vera 400—500 rbd. árlega, jafnvel á hinum fyrirfarandi hörðu árum, sem hefði lagzt þýngst á þenna hluta, en þessar tekjur mundi aukast að líkindum, þegar megun innbúanna batnaði með árferði, og væri þær þó meiri en í flestum sýslum í vesturamtinu; tekjurnar í suðvesturhlutanum voru metnar til 700 rbdl. Aukatekjurnar kvað hann mundu verða hér um bil jafnar í báðum sýslum, þar á meðal einnig skipagjald, þar eð Raufarhöfn mundi falla til austnordurhlutans, en Húsavík til suðvesturhlutans, þókti því mega skipta að tiltölu eptirgjaldinu eptir sýsluna. Þess var einnig getið, að sýslumaðurinn í austnordurhlutanum mundi geta aflað sér mikils ágóða af sjálfs síns ramleik, ef hann væri búskýslumaður, því á mörgum jörðum norðan Reykjaheiðar er mikil selveiði og æðarvarp, og þar að auki eru *þar* sumarhagar miklu betri að samtöldu. Að lyktum var það tekið fram, að hvor af þessum sýslum mundi þó verða erfiðari en Eyafjardarsýsla.

Eptir þessum ástæðum bar rentukammerið uppástungu þessa fram fyrir konúng, eptir að hið konúnglega danska kanselli hafði lýst því yfir, að það mælti í eingan stað móti, að sýslunni væri skipt, og var síðan leyft með konúngsúrskurði 17. febrúar 1841, að hinni þáverandi Norðursýslu eða Þíngeyarsýslu væri skipt í tvær deildir, sína undir hvorum sýslumanni, skyldi önnur þeirra, Suðurþíngeyarsýsla, hafa alla hreppana sunnan og vestan Reykjaheiðar, en hin önnur, Norðurþíngeyarsýsla, alla þá, sem lægi norðan og austan fjallgarðsins, Kælduneshr., Skírnastadahr., Presthólahr., Svalbarðshr., og Sauðanes-

hrepp, og þar að auki Austurhrepp, sem hafði verið í Norður-
múlasýslu þángað til. Það var einnig ákveðið í úrskurði þess-
um, að eptirgjaldið eptir Norðursýslu alla, sem var 200 rbdl.
árlega, skyldi vera þannig jafnað niður, að sýslumaðurinn í
Norðurþíngeyarsýslu skyldi gjalda 80 rbdl., og sýslumaðurinn í
Sudurþíngeyarsýslu 120 rbdl. árlega; þar hjá var rentukammer-
inu boðið að gæta þess, þegar Norðurþíngeyarsýsla yrði laus,
hvort hlýða þækti að stínga upp á nokkrum breytingum á þessu
fyrirkomulagi.

Þegar Norðurþíngeyarsýsla varð laus árið 1847, kom til
rentukammersins bænarskrá frá sýslumanninum í Sudurþíng-
eyarsýslu, og fylgdi henni álitsskjal frá etazráði Johnsson, sem
nú er amtmaður í norður og austuramtinu; sækir sýslumaður
þar um, að sér verði veitt Norðurþíngeyarsýsla ásamt hinni.
Amtmaður mælti mjög með bænarskrá þessari, og kvað það
að sinni ætlun hafa verið óhentuglega stofnað, þegar hinni
fyrirverandi Norðursýslu eða Þíngeyarsýslu var skipt í tvo
hluti. Hann gat þess, að sýslan hefði frá elztu tímum verið
eitt lögsagnarumdæmi öll saman, og það sem hann vissi til
hefði sýslumenn þeir, sem þángað hefði komið, ekki skipt um
embætti síðan. Þess var einnig getið, að Þórður Björnsson
sýslumaður stjórnaði sýslunni hér um bil um 40 ár, og það ágæta
vel að allra dómi, og amtmaðurinn vissi til, að þegar hann
var kominn yfir sextugt, hefði hann ferðast um miðsvetrarbil
ýmist ríðandi og ýmist gangandi yfir Reykjaheiði í Axarfjörð,
til að rannsaka þar mál.

Eptir amtmannsins álit er ekki heldur nein fullkomin
nauðsyn til að skipta sýslu þessari víðáttunnar vegna, því
hann sýnir, að Skaptafellssýsla er miklu víðlendari en öll
Þíngeyarsýsla. Þar að auki eru vegirnir í Skaptafellssýslu
ófærir laungum tímum saman á vorin og framan af sumri, þó
þeir sé ekki torfarnir á veturnum, þegar ísalög eru; en hitt er
sjaldan nein sérleg hættuferð, að fara um alla Þíngeyarsýslu
horna á milli. Vötnin eru þar reyndar mikil (þó ekki í
samjöfnuði við þau, sem eru í Skaptafellssýslu), en þau eru
allstaðar fær á ferjum á sumrin, og öll ferjugögn eru ágætlega
í standi þar í sýslunni. Á vetrarferðum eru reyndar alllangir
fjallvegirnir yfir Reykjaheiði og Axarfjarðarheiði (en yfir hana
er stytur vegur í Þistilfjörð), þó eru þeir naumast þíng-
mannaleið, enn síður heill áfangi, þeir eru á að gizka hér um

bil 3—4 mílur hvor; en fjallvegir þessir liggja harðla lágt, og það mun vera mjög sjaldan, að þeir verði ekki farnir á veturnum. Þar á ofan bætist, að þegar sýslunni er skipt í tvent, eins og nú, þá er þar tæplega lífvænt tveimur sýslumönnum. Sýslan er hvor um sig svo lítil, einkum hin nyrðri, að menn munu ávalt sækja þaðan, en þetta er eptir amtmannsins álití mikið óheppilegt, í hverju umdæmi sem er, einkum á Íslandi.

Þó tekjur sýslumanna sé minni í allmörgum sýslum í vesturamtínu, en í þessum tveimur, þá er það eingin ástæða, eptir amtmannsins álití, hvernig sem málið er skoðað, til þess, að sýslurnar í norður og austuramtínu skuli vera eins, og þó sýslumaðurinn í Norðurþíngeyarsýslu geti áunnið sér nokkuð utan hjá, þá sé ekki á það að líta, því sýslumaður eigi að leggja sig allan fram við embætti sitt. Þar hjá hefir amtmáður getið þess, að þar sem Thorarensen amtmáður hafi kallað, að Eyafjarðarsýsla væri ekki hægari, en Þíngeyarsýslan hvor um sig, þá væri fjallvegir þeir, sem liggja út í Ólafsfjörð og Siglufjörð, ekki færir nema um hásumarið. Hann heldur einnig, að Húsavíkur kaupstaður, þar sem sýslumaðurinn býr nú, sé allhentugur bústaður fyrir þann, sem eigi að þjóna allri Þíngeyarsýslu, en kaupstaður þessi liggur rúma mílu frá Garði í Aðaldal.

Af þeim ástæðum, sem nú var getið, hefir Johnson amtmáður álitíð það mjög æskilegt vera, að Þíngeyarsýsla, sem nú er tvískipt, verði lögð aptur saman í eina, og haldi Austurhrepp, sem lagður var þángað frá Norðurmúlasýslu.

Rentukammerið hlaut að viðurkenna, að Johnson amtmáður hefði fært mikilvægar ástæður fyrir að leggja sýslurnar saman, og fór því að skrifast á við dómsmálastjórnina, þókti henni einnig sameining sýslanna vel fallin, eptir því sem skýrt var frá ásigkomulaginu, og þar að auki féllst hún á þann uppáslátt rentukammersins, að leggja skyldi mál þetta fyrir alþíng til ráðaneytis, áður en skorið væri úr því til fullnustu. Eptir að ritað var álitsskjal um þetta til konungs, var rentukammerinu veitt það umboð með konungsúrskurði 1. júní f. á., að fela sýslumanninum í Suðurþíngeyarsýslu á hendur að stjórna Norðurþíngeyarsýslu fyrst um sinn jafnframt hinni.

Eptir því sem fram er komið í málinu og áður er greint, má kalla, að það sé mjög efasamt, hvort menn geti kallað það hagkvæma ráðstöfun, að Þíngeyarsýslu sé skipt í tvo parta,

Því að vísu er það vel til fallið, að lögsagnarumdæmin sé ekki svo víðlend, að fjarska mikill örðugleiki risi af, bæði fyrir sýslumann og þá sem til hans eiga að sækja. En á hinn bóginn riður einnig landinu mikið á, að stjórnarathöfvin verði ekki dýrkeyptari en öllu hófi gegnir, þar eð menn hljóta að láta svo miklar tekjur fylgja embættunum, að menn geti átt hægt að fá hæfilega menn til að þjóna þeim, og að embættismenn geti haft svo sæmilegt uppheldi, að þeir geti neytt sín að fullu til að gegna köllun sinni, og þar að auki að þeir geti unað leingur en skemur í embættunum; þetta hlýtur að vera embættunum til gagns, en hitt skadvænlegt, þegar alt of opt verða embættismanna skipti í hærudunum.

B.

VIÐBÆTIR.

Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,

sem út eru komnar, síðan alþingi var slitið

1847.

Tilskipan um nýjan jarðadýrleika á Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Konungur í Danmörk, Vinda og Gauta, Hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg, Gjörum kunnugt: Undir vora hollu alþingismenn hefir verið horið lagafrumvarp um nýjan jarðadýrleika á Íslandi. Um það frumvarp höfum Vér meðtekið þegnlegt álitsskjal þeirra, og skipum nú svo fyrir, sem hér segir:

§ 1.

Á landi Voru Íslandi skal setja nýjan dýrleika á allar jarðir, sem fyrst má verða.

§ 2.

Til að meta jarðirnar sem við þarf til dýrleikans skal sýslumaður, með ráði prests og hinna beztu hreppsbænda, nefna til 3 menn fyrir hvern hrepp, helzt af hreppsbúum, og skulu þeir sverja sýslumanni eið, áður þeir taki til starfa sinna.

Sýslumaður skal því ráða, í hverjum hrepp upp skuli hefja að meta jarðirnar, og skulu það starfa þeir menn 3, er til þess voru nefndir. En þá er lokið er hinum fyrsta hrepp, skulu 5 menn meta jarðirnar í hverjum hinna hreppanna; en það eru þeir menn, er í þeim hrepp voru til nefndir, og tveir af þeim mönnum, er áður hafa verið að slíku starfi í hinum næstu hreppum þar í kring, og sýslumaður hyggur bezt til þess hæfa.

Sýslumenn skulu vera fyrir störfum þeirra, en eiga þó ekki atkvæðisrétt um virðinguna.

§ 3.

Virðingarmenn skulu meta hverja jörð til peningaverðs,

að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum.

§ 4.

Til að rannsaka virðingu jarðanna skal sýslumaður og prófastur — eða, þar sem fleiri eru prófastar í sýslu, en einn, sá af þeim, er sýslumaður kys, — nefna til 5 af þeim mönnum, er unnið hafa að virðingunni þar í sýslu. Menn þessir skulu sverja sýslumanni líkan eið og virðingamennirnir, og skulu þeir ekki að eins vísa á villur þær, sem hafa orðið í virðingunni, heldur og dæma um mótmæli þau, sem fram eru komin gegn virðingaverði jarðanna. Sýslumaður skal leiðbeina þeim við störf þeirra, en eiga þó ekki atkvæðisrætt um úrskurdinn.

§ 5.

Rentukammer Vort skal skipa fyrir um það, hvernig fara skuli að öðru leyti með virðingar jarðanna, mótmæli þeirra, er hlut eiga að, og rannsókn virðinganna í hverri sýslu; svo skal það og kveða á hundradatal það, er allt landið skal hafa, eptir að alþingi hefir sagt álit sitt um það efni, og setja að lokunum dýrleika á hverja jörð.

§ 6.

Sýslumenn skulu hafa 3 rbd. fyrir dag hvern, meðan þeir eru að virðingum jarðanna og rannsóknum virðinganna, en virðingarmenn og rannsóknarmenn 1 rbd. 32 sk. Skulu þeir ekki önnur laun hafa fyrir starfa sinn, nè annað endurgjald fyrir ferðakostnað.

§ 7.

Allan kostnað, sem af fyrirtæki þessu leiðir, skal fyrst greiða úr jarðabókarsjóði Íslands. En síðar mun það ákveðið með konúnglegri tilskipun, hvernig endurgjaldinu skuli jafna á jarðir landsins.

Þessu skulu allir hlutadeigendur þegnlega hlýðnast.

Gefið á sloti Voru Kristjánsborg, 27. maí 1848.

Reglugjörð fyrir þá menn, sem meta eiga jarðir á Íslandi, til þess að nýr dýrleiki verði á þær lagður.

§ 1.

Það er boðið í 3. grein tilskipunarinnar 27. maí 1848, að virðingarmenn skuli meta hverja jörð til peningaverðs, að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum.

Þetta er svo að skilja, að meta skal hverja jörð eptir því, sem hún er í raun og veru með kostum og ókostum, en ekki eptir þeim atriðum, er einúngis nú sem stendur mundu ríra verð hennar eða auka.

Fyrir því ber að gæta þess:

- a. hvernig tún er og engjar og hagi, hvílik þar er útibeit og hverjir landskostir, svo ekki sé einúngis á það litið, hvílikan skepnufjölda þar má hafa, heldur og, hvert gagn hann megi gjöra;
- b. hvern ágóða þar mætti hafa af hlunnindum, t. a. m. veiði, dúntekju, varpi, rekum, skógi, mótaki, og öðru þesskonar;
- c. hvað jörðin er örðug, og hvílikan kostnað hafa þarf til að hagnýta hana;
- d. hvað þar er hætt við skriðum, jarðföllum, ágangi af vatnsföllum, eða sjó, sandfoki og öðru þesskonar.

En það ber að varast, að tekið sé til greina:

- a. peningshald það, sem nú er á jörðinni, ef það samsvarar ekki því, er vænta má, að jörðin geti fram flutt í meðalári með sæmilegri hirðingu;
- b. ágóði sá, sem ekki getur feingizt nema með feykilegum kostnaði, eða með slíkri kunnáttu og þekking, sem ekki er við að búast hjá bændamönnum, eða ekki heyrir til atvinnuvegi þeirra (t. a. m. rauðablástur, saltsuða, og annað þessk.).
- c. sá mismunur á verðinu, sem orsakast getur af því að jörðin er höfð með annari jörð, eða af því hún er nú sem stendur byggð með of hörðum skilmálum eða of limum.
- d. ásigkomulag húsa þeirra, sem á jörðinni eru.

Þegar búið er svo að lita á kosti og lesti jarðarinnar, skal meta hana á það verð, sem hver seljandi og kaupandi mundi vera skaðlaus af.

§ 2.

Ef hjáleigur fylgja jörð, ber þessa að gæta:

Óbyggðar hjáleigur allar skal meta með heimajörðinni.

Svo er og um byggðar hjáleigur, sem ekki hafa landamerki sér.

En byggðar hjáleigur, sem hafa landamerki sér, skal meta sem jarðir sér.

§ 3.

Ef svo stendur á, að þræta er um landamerki milli jarða,

skal meta þrætulandið sér í lagi, og taka til, hvers virði það mundi vera eptir því til hvernar jarðarinnar það er lagt.

Rentukammerinu, 1 dag septembers 1848.

A. W. Moltke.

I. J. Unsgaard. Bang. C. Plessen. G. Grothusen.

Br. Pjetursson.

Reglugjörð fyrir þá menn, er rannsaka eiga jarðavirðingu þá, er gjöra skal til að koma á þær nýum dýrleika.

Þeir menn, sem kosnir verða, eptir tilskipuninni 27. maí þessa árs, til að rannsaka jarðavirðingu þá, er gjöra skal til að koma þær á nýum dýrleika, eiga einkum að gæta þess, er nú skal segja:

§ 1.

Ef þeir verða nokkurstaðar varir við, að skakkast hafi í reikningum eða samansetningum, eða rángt sé hermt, skulu þeir benda á slíkar yfirsjónir, og rita það í þá bók, sem inn-sigluð verður til starfa þeirra, en í virðingabókunum sjálfum skulu þeir einga leiðrétting gjöra.

§ 2.

Þeir skulu einnig meta mótmæli þau, er gjörð verða gegn virðingarverði jarðanna. Eiga þeir í þeim úrskurðum sínum að fara eptir þekking sinni á jörðunum og eptir skilríkjum þeim, sem mótmælendur bera fram, eða sjálfir þeir geta útvegað.

§ 3.

Ef þeim virðist ekki að eins kæra sú, er fram er borin móti virðingu jarðarinnar, ástæðulaus, heldur sýnist þeim og að jörðin sé of lítills metin, eiga þeir að meta hana til þess verðs, sem þeir álíta rétt að vera, og skal það standa.

§ 4.

En þá er þeim sýnast ekki rök til, að lækka virðingarverð það, sem kært hefir verið um, eiga þeir ætíð að skýra frá, hve mikill kostnaður hlotizt muni hafa af kærinni, svo það fê verði heimt af þeim, er kærði.

Rentukammerinu, 1 dag septembers 1848.

A. W. Moltke.

I. J. Unsgaard. Bang. C. Plessen. G. Grothusen.

Br. Pjetursson.

*Reglubrèf handa sýslumönnunum á Islandi við hið nýja
mat fasteignanna þar í landi.*

1. gr.

Þegar sýslumaður kýs matningsmenn til virðingar jarðanna í sýslu hans, samkvæmt 2. gr. tilsk. 27. maí þ. árs, þá byrjar honum einúngis á það að líta, hver verði talinn færastur til að meta jarðirnar eptir hinu sama verði þeirra, samkvæmt erindisbréfi matningsmanna, sem hér er við fest. Því ber þess að gæta, að þó vel sé ætlanda, að þeir, sem gegna nú eður hafa gegnt hreppstjórnarstörfum í hreppi þeim, þar meta skal jarðirnar, hafi aflað sér nákvæmrar þekkingar um jarðirnar í þeim hreppi, þá skal þó lagt á vald sýslumanns að gjöra um það, hvort þessa menn eigi að velja fremur en aðra menn þar í hreppi.

2. gr.

Það er áriðanda, að matinu í öllum hreppum sýslunnar sé lokið í seinasta lagi fyrir hin næstu árslok (1849), til þess að matningsstarfið alt og eins rannsókni sú á hvorri jörð er svo stendur á, sem fyrir er lögð í 4 gr. tilskip. 27. maí þ. árs, megi vera á enda kljád í seinasta lagi svo tímanlega að haustinu 1850, að jarðamats og yfirmatsbækurnar, sem getið er í 3. og 7. gr., megi vera komnar til amtmanna fyrir lok þess árs. Fyrir því byrjar sýslumanni að láta matið byrja jafnsnart og kringumstæðurnar leyfa, og láta halda því áfram á þann veg, að því megi vera lokið fyrir þann tíma, er nú var ákveðinn. Skal hann því þegar ákveða, eptir hverri röð matið á að fara fram í hreppum sýslunnar, og samstundis og hann hefir nefnt til matningsmenn í einhverjum hreppi, þá skal hann auglýsa hverjum þeirra um sig hverjir sé kvaddir til að gegna jarðamatinu í þeim hreppi, svo að þeim megi gefast færi á að bera sig saman innbyrðis um mat jarðanna. Þar til ber sýslumanni að minnsta kosti 14 dögum áður en matið á að fara fram í hreppnum, að skýra bæði matningsmönnunum í þeim hreppi, svo og prestum þar og hreppstjórum, frá stað þeim þar matið á að framkvæma, og stundu er það byrjar. En þegar lokið er matinu í hreppnum samkvæmt hinni áminnztu tilskipun, þá skal sýslumaður tjá það 2 matningsmönnunum, sem þar unnu að jarðamatinu, í hverjum hreppi öðrum heldur en sjálfra þeirra, að þeim sé enn ætlað að vinna að matinu; verði ekki

Þá þegar ákveðin staður og stund, skal auglýsa þeim hvort-
tveggja síðar undir eins og matningsmönnum í þeim hreppi.

3. gr.

Þegar menn þeir, sem kvaddir eru til að leysa af hendi
jarðamatid í einhverjum hreppi, eru komnir saman til þess að
hefja starfa sinn, skal hver þeirra í sinn stað vinna eð að
því fyrir sýslumanni (eins og fyrir er lagt í 2. gr. tilsk. 27.
maí þ. árs) að þeir skuli vinna að ætlunarverki sínu við jarða-
matid samvirkusamlega og eptir beztu sannfæringu sinni.

Alt það sem gjörist, á meðan á matinu stendur skal sýslu-
maður rita í bækur 2, er sjálfur hann hefir til þess fullgildað,
þannig að í aðra bókina sè ritadar allar gjörðir er snerta
jarðamatsverkið, en í hina sè sett peningaverðhæð sú, sem hver
jörð er metin til. Þegar lokið er matinu í hreppnum skulu
undir í bækurnar rita nöfn sín bæði sýslumaður og allir matn-
ings mennirnir.

4. gr.

Ef allir matningsmennirnir geta ekki orðið á eitt sáttir
um verð það, sem jörðin þykir virðandi, skal hver þeirra um
sig segja upp það verð, er honum þykir hæfa. Þessum ýmsu
verðupphæðum skal því næst skipta með tölu matningsmanna,
en hlutatöluna, sem þá verður upp á, skal álita matningsverð
jarðarinnar.

5. gr.

Ef að til mats kemur einhver sú jörð sem er eign ein-
hvers matningsmanna eður barna hans eður foreldra eður og
annara, sem jafnákominir eru honum fyrir mægða sakir, þá
skal sá maður gánga frá mati, en hinir matningsmennirnir
meta jörðina.

6. gr.

Þegar af lokið er matinu í hverjum hreppi, skal sýslu-
maður annast um að jafnmörg eptirrit af bókunum, sem get-
id er í 3. gr., og margar eru kirkjusóknir í hreppnum. Af ept-
irritum þessum, sem sýslumaður ritar undir nafn sitt, skal
sitt laggja við hverja kirkju í hreppnum, öllum hreppsþúum til
yfirlits, skulu þau vera þar kyrr, þar til ransókn eður yfirmat
jarðamatsins er byrjad, skulu og prestar og hreppstjórar aug-
lýsa, hvar eptirrit þessi eru lögð fram til yfirlits og skora

jafnframt á hvern þann, er þykist hafa tilefni til að bera sig upp undan matinu á jörðu sinn, að sá verði að tjá þetta sýslumanni bréfléga áður en yfirmatið byrjar, og færa til rök fyrir, en úr því skulu síðan skera yfirmatsmennirnir. En fremur skal leiða þeim fyrir sjónir, sem vilja bera sig upp undan hversu metið sé, að finnist yfirmatsmönnum sú kæra ástæðulaus, ber þeim, sem kærir, að greiða kostnað þann, er af rannsókninni leiðir, samkvæmt hinum almennu reglum um hvers kyns yfirmat; en komist rannsóknarmenn (yfirmatsmenn) að fullri raun um, ekki að eins að ákæran sé ástæðulaus, heldur og einnegin hinu gagnstæða, að jörðin hafi verið lægra metin en vera bar, þá eru þeir skyldir til að ákveða á hana það verð, er þeir hyggja rétt vera, og skal síðan þá þar við sitja.

7. gr.

Þegar lokið er jarðamatinu í öllum hreppum sýslunnar, á sýslumaður þar að auki samkvæmt 4. gr. ennar áður nefndu tilskip. að kveðja til 5 þeirra manna, sem hafa unnið að jarðamatinu, til þess að starfa að rannsókn þeirri (yfirmatinu), sem þar er ákveðin. Sýslumaðurinn ákveður fundardag yfirmatsmanna svo snemma vorsins 1850 sem verða má, svo og stað þann í sýslunni, er þeir eigi koma til fundar, og auglýsir þeim hvortveggja að minnsta kosti 14 dögum á undan, skulu þá yfirmatsmenn tafarlaust koma á þann fund. Áður þeir taka til starfa, skulu þeir vinna sýslumanni eið þann, sem í grein þessari er fyrir lagður, en hann skal sjálfur bæði leiðbeina þeim við verk þeirra, eins og þörf er á, og annast um, að því verði framfylgt með alúð þeirri, sem vera ber, samkvæmt reglu-bréfi rannsóknar (yfirmats) manna, því sem hér er við fest.

8. gr.

Hinar sömu ástæður, sem eptir því sem segir hér að framman, valda því, að jarðamatsmenn má telja óhæfa til að meta jarðirnar (5. gr.), skulu og einnig ná til yfirmatsmannanna.

Ef einhver þeirra verður að víkja frá yfirmatsgjörðinni, annaðhvort fyrir þær sakir, eður fyrir það að þeir hafa unnið að mati jarðar þeirrar, sem er umtalsefnið, þá skal sýslumaður ákveða, hver hinna rannsóknarmannanna (yfirmatsmannanna) skuli víkja frá ásamt honum; en að svo búnu skera hinir 3 úr málinu, sem eptir eru.

9. gr.

Þegar yfirmatinu er lokið, skal sýslumaður tafarlaust senda amtmauni sínum allar bækurnar og láta fylgja álit sitt bæði um jarðamatíð og yfirmatíð yfir höfuð og svo um þau hin einstöku atriði, er honum kynni þykja athugasemdir.

Rentukammerinu 1. dag septembers 1848.

Opíð bréf um kostnað þann, er leiðir af kjöri alþingis-
manna framvegis, o. fl.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, &c. Gjörum kunnugt: Vör höfum tekið við þegnlegu álitsskjali Vorra hollu alþingismauna um frumvarp, er undir þá hefir verið borið um kostnað þann er leiðir af kjöri alþingismauna framvegis. Hefir Oss síðan þóknast að bjóða, sem hér segir:

§ 1.

Kjörstjórar og þeir menn aðrir, sem fyrir kosningum eru á landi voru Íslandi, skulu hafa 1 rd. í fæðispeninga dag hvern meðan þeir eru á kjörstefnu. Sama gjald ber þeim og meðan þeir fremja þau störf, sem um er getið í 18. og 22. grein tilskipunarinnar 8. dag marz mánaðar 1843, en þó svo að eins, að þeir eigi leingri veg að fara, en eina mílu.

Á ferðum sínum til þeirra starfa, sem um er getið hér næst á undan og leingri eru en míla vegar, skulu þeir og allir hafa 1 rd. í fæðispeninga og að auki endurgjald fyrir ferðakostnað, en á kjörstefnuferðum þeir einir, sem ekki eiga kosningarrétt.

§ 2.

Ef líkt stendur á um vegaleingd, skal kjörstjórinu í Skaptafellssýslu og aðstodarmenu hans hafa sömu fæðispeninga og endurgjald ferðakostnaðar að auk, er þeir ferðast til stefnu þeirrar, sem um er getið í 35. grein alþingistilskipunarinnar, og meðan á stefnunni stendur og á heimferð sinni. Þó skal kjörstjóri ekki kveðja fleiri af þeim, sem fyrir kosningum eru, til stefnu þessarar, en einu mann úr hverjum kjörhluta, og skal það vera sá þeirra, sem kostnaðarminnsta á ferðina, en hinir aðrir, sem koma kunna til stefnunnar, mega hvorki reikna sér fæðispeninga né endurgjald ferðakostnaðar.

§ 3.

Kjörstjórar skulu hafa sanngjarnlegt endurgjald fyrir fylgdarmanns kaup á kjörstefnuferðum sínum, en aðstoðarmönnum þeirra her ekki slíkt endurgjald, nema þeir eigi yfir torsóttan veg að fara og hættulegan. Allir, sem fyrir kosningum eru, skulu eiga kost á að reikna sér endurgjald fyrir ferjukaup yfir ár og vötn.

§ 4.

Af þeim mönnum, sem hæfir eru til aðstoðar eptir 16. gr. í tilskipuninni 8. marz 1843, skulu kjörstjórar velja þá, sem gjöra mundu kjörþinginu minnstan kostnað með ferðum sínum.

§ 5.

Ef því verður ekki komið við áu flutningskostnaðar að láta prenta kjörskrárnar eptir 23. gr. í alþingistilskipuninni, skulu kjörstjórar vera skyldir til ókeypis að láta skrifa þær, eptir því sem við þarf.

§ 6.

Amtmenn skulu nákvæmlega rannsaka alla kjörreikninga í amtinu og samþykkjast þeim, áður andvirði þeirra sé goldið hlutaðeigendum.

Þessu skulu allir hlutaðeigendur þegnlega hlýðnast.

Gefið á sloti Voru Friðriksborg, 6. dag júlímánaðar 1848.

Undir Vorri konúnglegu hendi og signeti.

Opið bréf um breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit, eptir 6. grein í reglugjörðinni 8. janúar 1834.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, &c. *Gjörum kunnugt:* Vér höfum tekið við þegnlegu álitsskjali Vorra hollu alþingismanna um frumvarp það, er undir þá hefir verið horið viðvíkjandi breyting á þeim tíma, sem á Íslandi þarf til að eignast sveit eptir § 6 í reglugjörðinni 8. janúar 1834; hefir Oss síðan þóknast að bjóða, sem hér segir:

§ 1.

Sá fimm ára tími, er menn skyldu hafa verið samfleytt í einum hrepp, til að eignast þar sveit, eptir 6. grein í reglu-

gjörðinni 8. janúar 1834 um stjórn þá og meðferð, er fyrst um sinn ber við að hafa á ómagamálum, skal læðan af vera aukinn til 10 ára.

§ 2.

Þó skulu allir þeir, sem 1. janúar 1848 hafa verið svo fimm ár í einum hrepp, að nægilegt sé eptir reglugjörð þeirri, sem áður var á minnzt, eiga þar sveit, ef þeir verða þurfandi, nema þeir hafi eignast sveit annarstaðar, með því að vera 10 ár í öðrum hrepp, eptir 5 ára tíma þam, er á var minnzt, og áður þeir yrði þurfandi.

§ 3.

Að öðru leyti skal hin áðurnefnda reglugjörð standa óröskuð að öllu og um allt það, er þar segir um sveitarréttindi, hversu þeirra megi afla.

Þessu skulu allir hlutaðeigendur þegnlega hlýðnast.

Gefð á sloti Voru Friðriksborg, 6. dag júlímánaðar 1848.

Undir Vorri konúnglegu hendi og signeti.

Opið bréf um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konúnglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur þar viðriðin útgjöld.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, &c. *Gjörum kunnugt:* Svo endurgjald það aukist ekki óviðurkvæmilega, sem greiða á í Vorn sjóð fyrir lúkning á kostnaði við alþingishaldið og á öðrum samkynja útgjöldum, hefir Oss þótt nauðsyn til bera að skipa fyrir um, hvernig fyrst um sinn skuli fara með endurgjald þetta; höfum Vér tekið við þegnlegu álitsskjali Vorra hollu alþingismanna um þetta efni, og bjóðum því, sem hér segir:

§ 1.

Fæðispeninga alþingismanna og endurgjald ferðakostnaðar þeirra, sem um er getið í byrjuninni á § 79 í tilskipuninni 8. marz 1843, og annan kostnað, sem af alþingi leiðir og ekki skal lenda á ríkissjóðnum eptir konúnglegum úrskurðum 19. og 23. apríl 1845, skal, meðan ekki er önnur ráðstöfun gjörð, endurgjalda jarðabókarsjóð Vorum, sem greiðir hann í bráð, á þann hátt, að þremur fjórðu pörtum af öllum kostnað-

inum skal jafna á allar jarðir á landinu eptir leigumála þeirra, en einum fjórða parti á lausafjártíundar hundruðin. Lænsjarðir presta, kirkjujarðir og spítala og þær jarðir aðrar, er til guðs þakka eru lagðar, skulu vera undan þegnar álögu þeirri, er á jarðirnar verður jafnað.

§ 2.

Dómsmála-stjórnarherra Vor skal segja fyrir um það með reglugjörðarbréfum til embættismanna, hvernig fara skuli að finna þann hluta, sem hver jörð á að gjalda, hvort sem heldur á henni situr eigandi eða leiguliði.

§ 3.

Það sem gjalda skal eptir § 2, skulu leiguliðar greiða af hendi, en jarðeigendur endurgjalda þeim.

Þessu skulu allir hlutadeigendur þegnlega hlýðnast.

Gefð á sloti voru Friðriksborg, 18 dag júlímánaðar 1848.

Undir Vorri konúnglegu hendi og signeti.

Erindisbréf dómsmála-stjórnarherrans til hreppstjórnanna.

Hans hátign konúnginum hefir þóknazt, að fallast á uppástungu alþingis um það, að þrem fjórðu þörtum af öllum alþingiskostnaði, sem landið á að gjalda, verði jafnað niður á allar jarðir í landinu eptir leigumála, nema þær, sem lagðar eru til presta, kirkna eða spítala eða fátækra, og aðrar þesskonar jarðir. Þar á ofan hefir hann fallizt á, að hreppstjórum landsins verði falið á hendur, hverjum í sínum hrepp, með ráði tveggja hinna beztu hreppsþænda, að safna skilrikjum um það, hvað goldið er landeigendum eptir hverja jörð í hreppnum, sem leigð er til ábúðar, en meta landleigu á þeim jörðum, sem eigandi býr á sjálfur, eptir rættum jöfnuði. Hefir hann boðið mér, að ráðstafa því, sem þurfa þykir, þessu máli til framkvæmdar, og fel eg yður því á hendur það starf, sem hér skal segja:

§ 1.

Þér skuluð kjósa til 2 menn í hrepp yðar, þá er þér vitid bezt til þess fallna, að starfa með yður starfa þann, sem yður er nú á hendur falinn.

§ 2.

Síðan skuluð þér safna skýrslum um landskuldir og leig-

ur af öllum jörðum og jarðarpörtum í hreppnum, sem eigandi býr ekki sjálfur á, og taka eiga þátt í alþingiskostnaðinum. Skuluð þér láta hvern landseta gjöra yður grein fyrir jarðar-afgjaldi sínu, sem nákvæmasta, og sýna yður byggingarbréf sitt, ef hann hefir. En þér skrifði það allt í bók, bæði álnatal landskuldarinnar og í hverjum aurum gjalda skal, svo og kúgildaleigur. En ef einhver landseti vill eigi láta uppskátt við yður jarðareptirgjald sitt, eða hann hermir rángt til, svo þér sjáið, og þér getið ekki með öðrum hætti komizt eptir því, hvað rétt muni vera, þá skuluð þér meta jarðareptirgjald hans á sama hátt, og síðar mun sagt verða um jarðir þær, er eigandi býr sjálfur á, og gjöra honum það bert áður.

§ 3.

Skýrslum þessum skuluð þér safna á hreppaskilafingum í haust, ef bréf þetta berst yður svo snemma í hendur, en ella svo skjótt, sem færi gefst til.

§ 4.

Síðan skuluð þér reikna, hvað landskuldargjald og leigur hvers landseta verði mikið í peningum. Skuluð þér fyrst telja það, sem gjalda skal í peningum, en síðan landaura eptir því peningavirði, sem þeir hafa í verðlagsskrá þeirri, sem gildir í haust. Skal þá meta fast ákveðna landaura eptir þeirra verði í verðlagsskránni, en ef ekki er nákvæmar ákveðið, en gjalda skuli í fríðu, þá skal meta eptir meðalalin í fríðu. Svo er og um aðrar tegundir landaura. En ef ekki er annað til tekið, en álnatal eða hundraða, skal meta eptir meðalverði allra meðalverða. Sè nokkuð af landskuldinni áskilið í einhverjum þeim eyri, sem ekki er í verðlagsskránni, skal meta það eptir sannsýni.

§ 5.

Þegar þessu er lokið, skuluð þér hugleiða, hvílikt afgjald mundi vera sanngjarnlegt eptir þær jarðir, eða þá jarðarparta, sem eigendur búa sjálfir á. Ber þá að gæta þess, hvort slíkar jarðir eru álitnar nærhæfis að dýrleika í samanburði við aðrar jarðir í hreppnum; því ef svo er, má álita eptirgjald þeirra jafnt því, sem goldið er eptir jafndýrar jarðir þar í sveit, þær er sanngjarnlega eru leigðar, eða ef eingar eru jafndýrar til, þá eptir samanburði við dýrleik annara jarða, sem sann-

gjarnlega eru leigðar. En ef dýrleiki þeirrar jarðar, er þér skuluð meta til eptirgjalds, er ósamkvæmur dýrleik annara jarða í hreppnum, verðið þér að gizka sem bezt á, hvert eptirgjald mundi sanngjarnlegast af þeirri jörð, eptir því sem títt er að byggja jarðir þar í sveit. Ef eigandi býr á jörð, sem hann á nokkurn part í, þá skal reikna afgangið af þeim jarðarhundraðunum, sem hann á sjálfur, eptir því, sem hann geldur eptir þau jarðarhundraðin, er hann hefir til byggíngar. Þér skuluð rita hverja jörð, er eigandi býr á, jafnt og hinar, í bók þá, sem um er getið í 2. grein, og eptirgjald það í peníngum, er yður þykir sanngjarnlegast, eptir því sem áður er sagt, og færa rök til.

§ 6.

Þér skuluð hafa lokið starfa þessum svo snemma, að þér hafið sent sýslumanni bók þá, sem um er getið í 2. og 5. grein hér að framan, að minnsta kosti 6 vikum fyrir manntalsþíng að vori komanda.

§ 7.

Að hausti komanda og hvert haust þar eptir, meðan alþíngiskostnaðurinn er endurgoldinn á þann hátt, sem nú er til tekið, skuluð þér safna skýrslum um það á hreppaskilafþíngum, hvort nokkur breyting hafi orðið á leigumála þeirra jarða, sem í hreppnum eru; skuluð þér síðan semja skýrslu um allar jarðir í hreppnum, á sama hátt og fyrir er mælt í 4. og 5. grein hér á undan, og senda sýslumanni fyrir árslokinn.

Í skrifstofu dómsmála-stjórnarherrans, 18. dag júlím. 1848.

E. Bardenfleth.

Dahl.

Opið bréf um breyting á fyrirkomulagi spítalanna og læknaskipun á Íslandi.

Dómsmála-stjórnarráðið hefir allraþegnlegast borið undir konúng bænarskrá alþíngis 1847 um breyting á fyrirkomulagi spítalanna og læknaskipun á Íslandi, og hefir honum þóknast 12. dag þessa mánaðar allramildilegast að ákvarða:

1. að hëðan í frá skuli eingan holdsveikan mann taka í spítala á Íslandi, en spítalajarðirnar skuli annaðhvort byggja eða þá selja, ef hentugra sýnist, og ef dómsmálastjórn-

ar-ráðinu, sem ræður því, hvort selja skuli, þykir ekki neitt vera því til tálmunar;

2. að fé það, sem safnað hefir verið, eða safnað verður, af jörðum spítalanna og tekjum, skuli saman draga í einn sjóð, og setja á vöxtu, sem beztir fást, og skuli það fé vera ætlað til að betra læknaSKIPUNINA í landinu; þó skuli framvegis fyrst um sinn hafa eignir hvers spítala sér í lagi, á sama hátt og hingað til.
3. að það skuli vera leyft landlækninum á Íslandi og héraðalæknum þeim, sem þar eru settir, að segja til aðstoðarlæknum, til að bæta úr læknaFÆÐINI, og fyrst um sinn megi hvert ár láta úti allt að 200 dölum úr hvers amts jafnaðarsjóði til þóknunar fyrir slíka tilsögn, en síðar skuli skipa fyrir um það, hvert lækníngaleyfi þeir menn skuli hafa, er lært hafa á þenna hátt, og um hvað annað, sem því máli við kemur.

Þetta birti jeg eptir boði konungs öllum hlutaðeigendum.

Í skrifstofu dómsmála-stjórnarráðsins, 23. dag ágústm. 1848.

Tilskipun um veiði á Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, &c. *Gjörum kunnugt:* Oss hefir þótt nauðsyn til herra að gjöra breytingar á veiðilögum þeim, sem verið hafa á Íslandi. Höfum Vér látið herra undir Vort trúa alþingi þar að lútandi lagafrumvarp, og fengið þegnlegar tillögur þess um það efni. Þjóðum Vér nú og skipum fyrir á þessa leið:

§ 1.

Á Íslandi skulu hëðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði og fugla, nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiði-ítök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu.

Nú eiga fleiri jörð saman, og er henni skipt í parta milli þeirra eptir merkjum, þá er svo um veiði á hverjum parti, sem heil jörð væri. En ef ekki er skipt jörðu eptir merkjum, þá er öllum eigendum veiði jafnheimil á þeirri jörð, nema þeir hafi gjört annan samning sín í milli, og skal hann þó eigi lengur standa, enn þeir eiga jörð saman.

§ 2.

Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.

§ 3.

Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma frá stórstraums fjörumáli, og eru það netlög hans. Nú liggja eyjar eða hólmar undir jörð, þá skal mæla lóðhelgi jarðar á sama hátt frá landi og jafnt í allar áttir frá eyjum og hólum. Ef jarðir þær eða eyjar eða hólmar, sem ekki er einn eigandi að, liggja tveim megin við firði eða vikur eða sund, og er ekki hundrað faðma tólfrætt í milli, þá á hver jarðeigandi veiði út á miðjan fjörðinn eða vikina eða sundið. Þar sem varplönd eru eða látur eða lagnir, fer um það sem síðar segir.

§ 4.

Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina; því fylgir veiðirétturinn jörðum, þá er þær eru byggðar, sem notunarréttur, er ekki verður frá lóðinni skilinn. En ábúandi má ekki heldur ljá neinum veiði þá að staðaldri án leyfis jarðeiganda, sem skal eiga kost á, að ákveða allt nákvæmar í leigumálanum um veiði þá, er leiguliði fær með ábúðinni, eptir því sem þeim semur um.

Ef fleiri eru ábúendur á einni jörð, skal svo fara um veiði, meðan ábúð þeirra stendur, sem fyrir er mælt í 1. grein, þá er fleiri eiga jörð saman.

§ 5.

Nú drepur maður dýr eða fugla, eða veiðir með einhverjum hætti í annars manns landi, þar sem hann á ekki veiði, þá veiðir hann þeim, er þar á veiði, og skal hann hafa skaða sinn að öllu bætta, eptir því sem skynsamir menn meta og óvilhallir. Sá skal skaða bæta, er skaða gjörði, og sektast hann þar á ofan um hálfan ríkisbánsadal eða meir, allt að 10 ríkisbánsadölum, eptir því sem á stendur, og skal það þá mestu ráða, ef hann hefir brotið optar, en í það skipti.

§ 6.

Ef maður er á lóð sinni og skýtur þaðan dýr eða fugla, sem í annars manns veiðilandí eru, eða drepur með öðrum

hætti, þá er sem hann hefði veidt í annars manns landi. Sama liggur við ef sá maður, sem veiði á, særir dýr eða fugla á sínu landi, og eltir í annars manns land, eða fer þáugað, sem hann á ekki veiði, til að sækja dýr eða fugla, er þar gefast upp.

§ 7.

Birni má hver maður elta og veiða hvar sem hann finnur, og á sá björn, er fyrst kemur banasári á hann. En sá er þar á veiði, og þeir menn, er að veiði bjarnarins voru, skulu ekki hafa nema endurgjald fyrir aðstoð sína.

Hreina má og veiða og elta, hvar sem er.

§ 8.

Um refaveiði er það leyft, að vinna gren í annars manns landi og drepa bæði refi þá, er þar eru, og yrðlinga þeirra með hverjum hætti sem unnt er. Vilji maður leggja refaboga á annars manns landi, eða gjöra þar refagildirur eða skothús til að skjóta þaðan refi, skal hann segja til ábúanda, og er hann skyldur til að leggja á sanþykki sitt, nema hann kjósi heldur að eyða sjálfur refum í landi sínu með slíkum hætti. En ef hann synjar leyfis og vinnur þó ekkert að, til að eyða refunum, og óvillhallir menn meta svo, að hann geti eigi beðið skada af refaveiði þeirri, er til var stofnað, þá er hann sekur um 2 rbd. og skyldur til að þoka, að hinn gjöri veiðivélar þær, er nú var getið.

§ 9.

Sýslumenn skulu hvert ár á manntalsþingum ótilkvaddir og ókeypis friðhelga öll þau æðarfugla eggver, sem nú eru. Vilji nokkur upp taka nýtt æðarfugla eggver, og skynsömum mönnum og óvillhöllum sýnist það vel til fallið, skal hann segja sýslumanni til, en hann skal lýsa friðhelgi varpsins á næstu manntalsþingum, ef hinn hefir gjört nokkur sýnileg nývirki til, og síðan árlega.

§ 10.

Á slíkan hátt skal friðhelga eggver annara fugla, ef skynsömum mönnum og óvillhöllum sýnast þau einkar arðmikil.

§ 11.

Einginn má nokkurstaðar á Íslandi drepa æðarfugl, á sjó eða landi, á sinni jörð eða annara, með skotum eða hundum

eða netum eða nokkrum öðrum hætti. Brjóti nokkur af ásettu ráði hér í mót, skal hann gjalda í sjóð hreppsins 48 sk. fyrir hvern fugl, sem drepinn er, og þar á ofan sektir eptir 5. 12. 13. eða 14. grein, eptir því sem á stendur, og skaðabætur eptir því sem óvilhallir menn meta.

§ 12.

Frá aprilmánaðar lokum til 1. dags ágústmánaðar má enginn maður leggja hrognkelsanet eða önnur veiðinet nær eggveri friðhelgu, en tvö hundruð faðma tólfræð sè þángað á báðar hliðar og á sjó út frá grynna hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli. Ef á móti þessu banni er brotið, má sá, sem veiði á þar sem eggverið er, taka net upp, en láta skal hann þau laus við hinn seka, er hann hefir goldið sekt sína eptir 5. grein, og skal sekt ekki vera minni en 1rbd. í hvert skipti, og skaðabætur að auk eptir óvilhallra manna álit, og umstánga kaup fyrir upptöku netanna.

§ 13.

Æðarfuglanet þau, er höfð hafa verið á stöku stöðum, skal enginn maður á Íslandi hêðan í frá nota. En ef hann leggur, þá eru þau upptæk, hvar sem þau hittast, og eignast sveitarsjóðurinn þau. Hver sem þau leggur í sínu landi eða annara til æðarfuglaveiði, sektast í fyrsta sinn eptir 5. grein, og ekki minna, en um 2 rbd.; þar á ofan geldur hann sekt eptir 11. grein fyrir hvern æðarfugl, sem drepinn er, og skaðabætur eptir því sem óvilhallir menn meta. En ef hann verður optar sekur eptir dómi, þá skal í hvert skipti tvöfalda sektina eptir 5. grein, og skal hún þó aldrei meiri verða en 32 rbd.

§ 14.

Einginn má, nema nauðsyn beri til, skjóta úr fallbyssu nær friðhelgu æðarfugla eggveri, en í hálfrar mílu fjarlægð, nè úr annari byssu nær, en fjórðungur mílu sè til eggvers. Nú skýtur hann, þá sektast hann einum ríkisbánkadal fyrir hvert skot, en tvöfalt ef skotið er í hinu friðhelga eggveri, eða svo nærri, að 2 hundruð faðma tólfræð sèu til eggvers, þar sem skemmst er. Sektir liggja þar að auk við eptir 11. grein, ef æðarfugl er drepinn af ásetningi með þeim skotum. Ef skotið er frá aprilmánaðarlokum til 1. dags ágústmánaðar í eggveri annara fugla, eða svo nærri því, sem nú var mælt,

skal gjalda 1 rbd. í sekt fyrir skot hvert, og þar á ofan sekt eptir 5. grein, ef svo stendur á. Herskipa skot í konúngs þjónustu eru undan skillin banni þessu.

§ 15.

Sýslumenn skulu ótilkvaddir af eiganda hvert ár á manntalsþingum lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landsela veiði eða útsela nú er tíðkuð með nótum eða öðrum hætti. Vilji maður taka upp nýja staði til selveiða og friðhelga, þá skal hann segja til sýslumanni, og skal hann þá lýsa friðhelgi þeirra hvert ár á manntalsþingum, ef skynsömum mönnum og óvilhöllum sýnast þeir vel hentir til slíkrar veiði. Enginn má skjóta landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær enn hálfu mílu frá látrum eða lögum; en ef skotið er, eignast sjóður sveitar þeirrar veiðina. Sá er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eptir 5. grein, og þar á ofan 2 rbd. fyrir hvert skot.

§ 16.

Vöðuseli og annan farsel má hver maður skjóta eða veiða í nótum, hvar sem hann vill, og þó ekki nær annars manns landi enn hundrað faðma tólfrætt frá stórstraums fjörumáli, þar sem nótlög eru, nè heldur skjóta nær eggveri eða látrum, enn áður segir. Nú vill maður leggja nót af landi eða í nótlögum annars manns, þá skal hann semja þar um við þann, er veiði á, og stendur það. En ef hann synjar veiðinnar, og sýnist óvilhöllum mönnum, að hann hefði getað leyft sér að skaðlausu, eða nóteiganda þykir eigandi veiðinnar selja of dýrt leyfi sitt, skal nóteigandi leita sýslumanns, og skal hann bjóða þeim, sem veiði á, að leyfa nótlögin og nefna til menn og kveða á leiguna. Nú leggur maður nót fyrir farsel í nótlögum annars manns og hefir ekki til leyfi þess, er veiði á, eða aðra heimild, þá veiðir hann honum. Með ábyrgð hans og upptöku nótanna skal fara eptir fyrirællum 12. greinar. Skutulveiði er heimil hvar sem stendur nema þar er látur eru eður nótlög. Þar sem menn eru að skutulveiði má ekki skjóta nær með bissu en svo, að óvilhöllum mönnum eigi þyki skaði að, og aldrei í vaðinn; en ef nokkur gjörir það, gjaldi 5 rbd. fyrir hvert skot.

§ 17.

Það skal vera skylda þeirra manna, sem leiðbeina útlend-

um skipum inn á hafnir, að segja skipstjórnarmönnum hvar friðheilög eggver eða selveiði þar er í grennd við kaupþúnin, og hvert bann við er lagt, ef skotið er of nærri þeim úr fallbyssum eða öðrum byssum. Nú er skotið af skipi, og ber ekki nauðsyn til, þá verður skipstjórnarmaður sekur um það; en eiga skal hann heimting til endurgjalds að leiðsögumanni, ef hann var á skipi þá er skotið var, og hinn getur sannað, að leiðsögumaður hefir ekki sagt honum til sem vera ber.

§ 18.

Nú hefir maður orðið sekur um ólöglega veiði, annaðhvort með dómsatkvæði eða amtmannsúrskurði, og brýtur hann optar enn í það skipti, þá skal hann í hvert skipti hafa fyrirgjört netum og öðrum veiðitólum, er hann hefir við haft, og eignast sveitarsjóðurinn þau, hver sem sök sækir, yfirvald konungs eður sá, sem skaða beið. Allar sektir, sem goldnar eru eptir tilskipun þessari, eignast sveitarsjóðirnir.

§ 19.

Ef brotið er móti 11—15. ggr. í tilskipun þessari, skal fara með sakir þær sem opinber lögreglumál; því skal valdsmaður konungs rannsaka málið og dæma hinn seka, hvort sem sá, er skaða beið, eða aðrir út í frá, segja honum til afbrotsins, eða hann fær vitneskju um það á annan hátt, nema sá hinn seki kjósi heldur að málið sé útkljáð á þann hátt sem mælt er í 10. grein tilskipunarinnar 24. janúar 1838. Þó skal sá, er skaða beið, eiga kost á að höfða sök og sækja á sinn kostnað, ef honum svo sýnist, t. a. m. ef valdsmanni skyldi þykja skýrslur þær, sem fram eru komnar, ónægar til opinberrar málssóknar.

Öll mál önnur, er höfðuð eru um afbrigði þessarar tilskipunar, skal til dóms sækja á sama hátt og lögreglumál, þau er ekki eru opinber.

§ 20.

Ef maður veiðir heimildarlaust, og verður það uppvíst, þá er málið er rannsakað, að hann hafi framið nokkurn þann misverka um leið, er stórglæpasök fylgir, skal til taka veiðisektina í dómsatkvæði því, er gjört er um stórglæpasökina.

§ 21.

Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um fuglveiði og dýraveiði og selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um hvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í höll Vorri Friðriksborg, 20. júní 1849.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.